

Unnið af Umhverfissviði Kópavogsbæjar,
skipulags- og byggingardeild.

Hönnun og umbrot: Kópavogsbær

Prófarkalestur: Skafti Þ. Halldórsson

Útgefandi: Kópavogsbær

© Kópavogsbær 2015

Rit þetta má ekki afrita með neinum
hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun,
hljóðritun eða á annan sambærilegan
hátt, að hluta eða í heild án skriflegs leyfis
Kópavogsbæjar.

Hverfið er umgjörðin um okkar daglega líf

Ávarp bæjarstjóra

Í kjölfar þess að Aðalskipulag Kópavogs 2014-2024 var samþykkt í janúar 2014 var afráðið að vinna hverfisáætlanir fyrir hverfin fimm í Kópavogi. Hverfisáætlun hefur ekki sama lögformlega gildi og hverfisskipulag, en í hverfisáætlun kemur fram staða hverfisins og möguleg framtíðar uppbygging næstu árin. Hverfisskipulag sambærilegt þessari áætlun var fyrst unnið í Kópavogi árin 1993 og 1994 og nú hefur fyrsta hverfisáætlunin litið dagsins ljós, hverfisáætlun Smárahverfis.

Smárahverfi er fyrsta hverfið sem skipulagt var frá grunni í Kópavogi. Það var skipulagt á níunda áratugnum og byggðist að mestu leyti upp á árunum 1992 til 1996. Í dag búa ríflega 3.000 manns í Smárahverfi, íbúum hefur fækkað undanfarin ár í takt við hækkandi meðalaldur í hverfinu.

Smárahverfi er miðsvæðis í Kópavogi og íbúar njóta góðs af nálægð við fjölbreytta verslun og þjónustu. Í hverfinu er einn af svæðiskjörnum höfuðborgarsvæðisins, þar eru fjölmörg fyrirtæki af ýmsu tagi, verslanir, skóli og leikskólar og frábær aðstaða til útvistar og íþróttaiðkunar. Íbúar í hverfinu eru líka almennt sáttir við sitt hverfi, það er meðal þess sem fram hefur komið í vinnunni að hverfisáætlun sem hófst fyrir ári síðan.

Við gerð hverfisáætlunarinnar var leitað eftir samráði við íbúa hverfisins. Haldinn var íbúafundur í nóvember 2014 sem var mjög vel sóttur. Þá hefur ábendingakerfi bæjarins verið notað í þessum undirbúningi og bæði hverfaráð Smárahverfis og íbúasamtök hafa tekið þátt í þessari vinnu.

Í hverfisáætlun Smárahverfis er lögð áhersla á þarfir íbúa hverfisins, hvað má gera betur til að skapa vistvænna og lýðheilsuvænna hverfi. Þar er líka greint frá fyrirhugaðri uppbyggingu í hverfinu, Smárinn vestan Reykjanesbrautar er þróunarsvæði fyrir blandaða byggð og gert ráð fyrir 500 nýjum íbúðum á næstu árum. Það eru spennandi möguleikar í Smárahverfi, með aukinni byggð í bæjarhlutanum vilja bæjaryfirvöld gefa fleirum kost á að búa á frábærum stað miðsvæðis jafnt í Kópavogi sem og á höfuðborgarsvæðinu.

Gerð hverfisáætlunar var að mestu á höndum skipulags- og byggingardeildar á Umhverfissviði Kópavogs, en eins og fyrr sagði þá var víðtækt samráð við íbúa við gerð áætlunarinnar. Ég óska öllum sem lögðu til vinnu við gerð þessarar áætlunar til hamingju með vel unnið verk. Það verður áhugavert að fylgjast með uppbyggingu í hverfinu á næstu árum, bæjaryfirvöld hafa sett sér það markmið að framkvæma það sem fram kemur í framkvæmdaáætlun hverfisins á næstu árum.

Með kveðju
Ármann Kr. Ólafsson.

Ávarp formanns skipulagsnefndar

Að móta frábært hverfi

Með þéttu samstarfi við íbúa og hagsmunaaðila höfum við klárað spennandi verkefni sem kallast Hverfisáætlun Smárans. Hverfisáætlun er ákveðin söfnun á miklum fróðleik um hverfið en um leið árangursrík leið til að spjalla við íbúa um mikilvæg verkefni sem þarf að sinna.

Nútíma hugsun í skipulagi byggist á því að búa til aðstæður þar sem íbúum líður vel. Góð og aðgengileg þjónusta, öruggt og heilsusamlegt umhverfi og möguleikar á góðum samgöngum eru þættir sem við viljum og skiptir okkur máli. Skipulag er ekki einhverjar rykugar teikningar á stofnunum bæjarins heldur lifandi plagg sem segir okkur skýrt hvernig hægt er að tryggja velferð íbúa. Gott aðgengi að skóla, öruggar gönguleiðir, stutt í lífsnauðsynlega þjónustu eru grundvallar þættir sem hjálpa okkur að líða vel.

Hér kemur skýrsla sem dregur fram umgjörð og hið daglega líf fyrir íbúa Smárans. Samantekt um þarfir og sjónarmið íbúa í bland við fróðleik um hverfið. Þetta er plagg sem segir okkur frá styrkleikum og veikleikum hverfisins – og mótar þannig verkáætlun um það sem má betur fara. Með íbúafundum, fundum með nemendum, ábendingum og rannsóknum höfum við sett saman verkefnalista og áherslur. Þetta samstarf var glimrandi og takk kærlega fyrir það.

Það er klárt að hönnun, gæði og ásýnd hverfisins geta ýtt undir ákveðna hegðun, samvinnu og virkni, sem verður til þess að velferð hvers og eins eykst. Við getum saman gert ýmislegt til að bæta aðstæður fyrir skoppandi glaða Kópavogsbúa.

Sverrir Óskarsson

Ávarp formanns umhverfis- og samgöngunefndar

Hverfisáætlun er frábær leið til að gera gott hverfi betra. Gott skipulag býr til umgjörð um hverfið og tryggir íbúum þess aðstæður þar sem þeim líður vel. Upplýsingaöflun og samráðsfundir með íbúum stuðla að óskir þeirra og þekking nýtist við mótun og þróun hverfisins, því fáir þekkja hverfið betur en þeir sem þar búa. Samráðsfundirnir í hverfum Kópavogs hafa veitt mikilvægar upplýsingar um hvað megi bæta og breyta ásamt því að benda á það sem vel hefur tekist. Þessar upplýsingar eru nýttar við áframhaldandi þróun hverfisins og þær auðvelda mat á styrkleikum, veikleikum og tækifærum til vaxta.

Þær áætlanir sem nú eru í vinnslu stuðla meðal annars að því að bæta enn frekar umferðaröryggi með ýmsum jákvæðum leiðum. Áfram verður haldið með uppbyggingu stígakerfisins en mikilvægt er að vistvænar samgöngur séu raunhæfur möguleiki íbúa. Einnig verður hugað að enn frekari uppbyggingu útivistasvæða, lýsingu og fegrun umhverfisins, líkt og við Smáralind.

Fjölbreytt útivistarsvæði fyrir fjölskylduna þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi er styrkleiki í hverju hverfi. Umhverfið þarf einnig að bjóða upp á góðar göngu-, hlaupa-, og reiðhjólaleiðir bæði innan hverfisins, milli hverfa sem og milli bæjarfélaga. Með góðum tengingum verður aðgengi og flæði milli skóla, leikskóla, útivistasvæða og nauðsynlegrar þjónustu þægilegt og áhyggjulaust.

Ekki má gleyma ásýndinni en með markvissri gróðursetningu, viðhaldi og nýjum viðbótum sem byggðar eru á niðurstöðum samráðsfunda hefur tekist að bæði fegra umhverfi og skapa ánægju í hverfinu. Samráð við íbúa er gríðarlega mikilvægt og mikill samhugur hefur ríkt meðal nefndarmanna að stuðla að því að tryggja að íbúar fái tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Um er að ræða nauðsynlegar upplýsingar sem styrkja langtímaáætlanir um þróun hverfisins. Með góðri samvinnu næst bæði að viðhalda og skapa aðstæður sem auka velferð íbúa hverfisins og eykur ánægju íbúanna með nærumhverfið sitt og Kópavog.

Með áframhaldandi samstilltu átaki bæjarins og íbúa hverfisins nást án efa þau markmið sem hverfisskipulag Smárans og framkvæmdaráætlun stefna að og þannig gerum við gott hverfi enn betra!

Hjördís Ýr Johnson.





Efnisyfirlit

1.	Inngangur	8
2.	Saga og skipulag hverfisins	15
3.	Formfræði og einkenni byggðarinnar	30
4.	Mat á gæðum byggðar, umhverfi og skipulagi. Niðurstöður gátlista	45
	- Samfélag	
	- Athafnir daglegs lífs	
	- Efnahagur	
	- Manngert umhverfi	
	- Náttúrulegt umhverfi	
5.	Kynning og samráð	68
6.	Framtíðarsýn og áherslur	68
7.	Framkvæmdaáætlun og forgangsröðun verkefna	75
8.	Heimildaskrá	79
9.	Viðauki	82
	- Viðauki I - samráð	
	- Viðauki II - innsendar athugasemdir og ábendingar á kynningartíma	
	- Viðauki III - grunngögn greiningarvinnu	
	- Viðauki IV - gátlisti	

1. Inngangur

Nýtt Aðalskipulag Kópavogs var samþykkt í byrjun árs 2014. Þar er tilgreint að í kjölfar þess verði unnið hverfisskipulag fyrir fimm hverfi bæjarins, þ.e. Kársnes, Digranes, Smára, Fífuhvamm og Vatnsenda, þar sem fram koma nánari skilgreiningar og ákvæði fyrir hverfin. Þar eru m.a. tölfræðilegar upplýsingar um ferðamynstur íbúa, íbúðagerðir, aldur húsnæðis, hæð og umfang bygginga og hvernig fella má nýja byggð inn í eldri hverfi. Sett eru sérstök ákvæði um starfsemi og notkun hverfisins. Hlutverk hverfisskipulags er að kveða nánar en gert er í aðalskipulagi á um helstu þætti hvers bæjarhluta með áherslu á hvar breytinga er að vænta eða hvar þeirra er þörf. Í hverfisskipulagi er fyrst og fremst fjallað um byggðina, þjónustu, umhverfi, umferð og íbúa. Með hverfisskipulagi mun íbúum gefast frekari kostur á að fylgjast með og taka þátt í að móta sitt nánasta umhverfi. Eftir nánari skoðun var tekin ákvörðun um að betra væri að vinna hverfisáætlun fyrir hverfin fimm og meta svo í kjölfarið hvort þörf væri á hverfisskipulagi. Munurinn á hverfisskipulagi og hverfisáætlun er sá að hverfisskipulag er lögformlegt skjal sem kemur í staðinn fyrir gildandi deiliskipulög í viðkomandi hverfi en hverfisáætlun er ekki lögformlegt skjal. Þar kemur fram staða hverfisins og möguleg framtíðaruppbygging og þróun næstu árin, svokölluð framkvæmdaáætlun.

Skipulags- og byggingardeild Kópavogs hefur frá ársbyrjun 2014 unnið að mótun hverfisáætlana fyrir hverfin fimm í Kópavogi, Kársnes, Digranes, Smárann, Fífuhvamm og Vatnsenda. Fyrst verður unnin hverfisáætlun fyrir Smárann, þar á eftir kemur hverfisáætlun fyrir Fífuhvamm og Vatnsenda og að lokum verða unnar hverfisáætlanir fyrir Kársnes og Digranes. Hverfisáætlunavinnan fyrir Smárahverfið fór fram á tímabilinu mars til desember 2014 og er þessi áætlun afrakstur hennar. Þetta er í fyrsta skipti sem heildstæð áætlun um stöðu Smárahverfis er gerð frá því hverfið byggðist upp. Forsendur hverfisáætlunar eru að færa Aðalskipulag Kópavogs nær íbúum og taka mið af þörfum þeirra sem búa og starfa í hverfinu. Jafnframt að skilgreina innviði hverfisins sem nýtast í áframhaldandi uppbyggingu



Skipulagsáætlanir.

og endurbætur.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 segir eftirfarandi um Smáránn:

Smárahverfið er skipulagt frá grunni, ólíkt Kársnesi og Digranesi. Í deiliskipulagsvinnunni var megin áhersla lögð á að bjóða upp á annars vegar fjölbreytta byggð sérbýlis- og fjölbýlishúsa og hins vegar verslunar-, þjónustu- og atvinnuhúsnæði sem byggðin nyti góðs af.

Fyrir dyrum stendur áframhaldandi uppbygging í Smárahverfi. Megináhersla verður lögð á enn frekari uppbyggingu miðsvæðisins við Reykjanesbraut sunnan Smáralindar og á þróunarsvæðinu við Dalveg ásamt breytingu á umferðarkerfinu næst Reykjanesbraut. Með aukinni byggð í bæjarhlutanum vilja bæjaryfirvöld gefa fleiri einstaklingum tækifæri til að búa og starfa á góðum stað og jafnframt nýta þá kosti sem bæjarlandið hefur upp á að bjóða.

Samkvæmt aðalskipulagi er gert ráð fyrir að heildarfjöldi nýrra íbúða í Smárahverfi á skipulagstímabilinu geti orðið um 500 íbúðir á suðursvæði Smáralindar eða rúmlega 4.000 íbúar í Smárahverfi árið 2024.



Horft austur Hæðasmára



Atvinnuhúsnæði í Hlíðasmára



Við Dalveg er fjölbreytt atvinnulíf

Hverfisáætluninni er skipt í sjö meginkafla auk heimildaskrár og viðauka. Fyrst er inngangur, síðan er greint frá sögu og skipulagi hverfisins, þá stöðu hverfisins, niðurstöður gátlista, greint frá kynningu og samráði og síðast er fjallað um mögulega framtíðarsýn og áhersluatriði hverfisins. Í lok hverfisáætlunar er framkvæmdaáætlun og forgangsörðun verkefna. Í viðauka má sjá kort, greiningar o.fl. upplýsingar sem voru unnar samhliða þessu verkefni (Grunngögn greiningarvinnu). Auk gagna úr samráðsferlinu.

Í upphafi var lögð mikil áherslu á að skoða stöðu hverfanna með lýðheilsu og vistvæna þætti sem áhersluatriði. Með þessum þáttum er leitast við að meta stöðu hvers hverfis út frá því hverjir möguleikar íbúa eru til útivistar, fjölbreytileika í verslun og þjónustu og útivistarsvæðum.

Samráð

Áhersla var á gott og gagnvirkt samráð við íbúa, hverfaráð og fleiri aðila frá upphafi. Hverfaráð Smárans fundaði með starfsmönnum skipulags- og byggingardeildar í byrjun verkefnis og á meðan verkefnið var í mótun. Fundað var með íbúum Smárahverfis í nóvember 2014 með þjóðfundarsniði, auk þess sem heimasíða verkefnisins bauð upp á að senda athugasemdir og ábendingar beint til starfsmanna. Í maí 2015 gafst íbúum og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að senda inn

Inngangur

Saga og skipulag

Formfræði og einkenni

Niðurstöður gátlista

Kynning og samráð

Framtíðarsýn og áhersluatriði

Framkvæmdaáætlun

Viðauki

Uppbygging verkefnis.



Hverfaráðsfulltrúar funda um hverfisáætlun á bæjarskrifstofum Kópavogs.



Íbúar Smárahverfis á samráðsfundi í nóvember 2014.



Horft í suðvestur yfir Kópavogsdalinn, gatnagerð í Smáranum á byrjunarstigi (1990 eða 1991)



Horft í norður að Hvömmunum (1990).



Hafnarfjarðarvegur, horft til norðurs (1989 eða 1990).



Hafnarfjarðarvegur, horft til suðurs (1988).

Ljósmyndari Friðrik Baldursson

ábendingar og/eða athugasemdir þegar drög að loka skýrslu lágu fyrir. Þrjú erindi bárust þau má finna í viðauka.

Verkferill


Markmiðið er að tengja hverfisáætlun við gerð fjárhagsáætlunar, þar sem tekið verður tillit til framtíðarsýnar og uppbyggingar hverfisáætlunar Smárahverfis. Hverfisáætlunin er innlegg í næstu endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs. Fram að þeim tíma verði ábendingum sem berast sveitarfélaginu varðandi hverfisáætlun safnað saman og þær skoðaðar. Jafnframt verði unnið að þeim úrbótum sem lagðar eru fram í þessari áætlun.

Aðferðafræði

Aðferðafræðin sem stuðst er við í þessu verkefni er byggð á bókinni *Shaping Neighbourhoods* eftir Hugu Barton, Marcus Grant og Richard Guise (2010). Þar er lögð rík áhersla á sjálfbærni og lýðheilsu, hvernig skipulag getur haft áhrif á þessa þætti í lífi fólksins sem býr í hverfunum og bætt umhverfi ef svo ber undir. Útbúinn var gátlisti byggður m.a. á aðferðafræði bókarinnar þar sem aðaláherslan er á fólkið/íbúana, hverfið og skipulag hverfisins. Eftirfarandi þættir eru skoðaðir í gátlistanum:

- Samfélag.
- Athafnir daglegs lífs.
- Efnahagur.
- Manngert umhverfi.
- Náttúra.

Tímabil	Verkefni
Janúar 2014	Fundur með hverfaráði Smárans og Fífuhamms
Mái 2014	Fundur með hverfaráði Smárans Fundur með skólaráði og foreldrum í Smáraskóla Fundur með nemendaráði Smáraskóla Heimasíða hverfisáætlunar opnuð ásamt ábendingakerfi
September 2014	Fundur með íbúasamtökunum Betri Nónhæð
Nóvember 2014	Samráðsfundur með íbúum og hagsmunaaðilum
Mái 2015	Kynning á tillögu Hverfisáætlunar Smárans



Áhrifaþættir á lífsgæði og heilsu í borgum, (H., Barton, M., Grand og R., Guise (2003)).

Með gátlistanum er verið að meta gæði byggðar, umhverfis og skipulags út frá vistvænum þáttum og lýðheilsu. Gátlistinn setur núllpunkt og vegvísi til framtíðar, ásamt því að vera rammi utan um samtalið við íbúa. Í gátlistanum eru spurningar og athuganir sem við svörum í samvinnu við íbúa. Svörin geta bæði verið huglæg og mælanleg. Mælanlegu viðmiðin eru fjórir flokkar, undir lágmarki, lágmark, æskilegt og gott. Gátlistann má finna í viðauka.

Viðmið	Undir lágmarki	Lágmark	Æskilegt	Gott
Litakóði				

Tölulegar upplýsingar um Smárann árið 2015

Fjöldi íbúa	3.009
Meðalaldur íbúa	41 ár
Fjöldi leikskólabarna	159
Fjöldi grunnskólabarna	338
Fjöldi á menntaskólaaldri (16-20)	156
Meðalfjöldi á hverju heimili	2,31
Fjöldi bíla á íbúð	1,23

Tölulegar upplýsingar um Kópavog árið 2015

Fjöldi íbúa	33.925
Meðalaldur íbúa	37 ár
Fjöldi leikskólabarna	2.591
Fjöldi grunnskólabarna	4.793
Fjöldi á menntaskólaaldri (16-20)	1.780
Meðalfjöldi á hverju heimili	2,76
Fjöldi bíla á íbúð	1,44

Samantekt

Gæði Smárahverfis felast í samfélaginu, íbúum hverfisins og því félagslega, efnahagslega og menningarlega umhverfi sem þar er. Ekki spillir fyrir frábær miðlæg staðsetning þar sem við blasir fallegt útsýni til norðurs og austurs, yfir græn svæði Kópavogsdals og sjálfan voginn að Snæfellsjökli. Einnig ber að nefna stór útivistarsvæði og gott umhverfi með hátt þjónustustig.

Gott samspil milli bygginga og opinna almenningsvæða og þjónustu styrkir innviði bæjarhlutans og eykur möguleikana á vistvænum lifnaðarháttum með fjölbreyttri nærþjónustu.

VISTVÆNT

Stuðla að fjölbreyttri íbúðarbyggð fyrir fjölbreytt fjölskyldumynstur.

Stuðla að fjölbreyttri verslun og þjónustu.

Stuðla að aukinni ræktun í þéttbýli með fræðslu og kynningu.

Stuðla að fjölbreyttum samgöngumátum.

LÝÐHEILSA

Skapa aðstæður sem stuðla að vistsvænum samgöngum fyrir hjólandi, gangandi vegfarendur og almenningsvagna.

Skapa fleiri góð og fjölbreytt opin svæði.

HVERFISÁÆTLUN

Markmið þessarar áætlunar er að skapa vist- og lýðheilsuvænt hverfi í góðu samráði við íbúa.

Hverfi sem er góður staður til að búa á og skapar umgjörð utan um daglegt líf okkar.

Þar sem við fáum þá hreyfingu og hvíld sem við þurfum, líkamlega og andlega.


2. Saga og skipulag hverfisins

Smárinn er þriðja hverfið sem byggist upp í þéttbýli Kópavogs og var skipulagt frá grunni. Áður höfðu Kársnes og Digranes byggst upp án heildarskipulags. Hverfið er um 153 ha að stærð og afmarkast af Hafnarfjarðarvegi í vestri, Reykjanesbraut í austri, Arnarnesvegi í suðri og Kópavogsdal í norðri. Saman mynda Smárahverfið og Fífuhvammur miðju Kópavogs með mikilli verslunar- og þjónustumiðju sem er hluti af svæðiskjarna höfuðborgarsvæðisins, tengt aðalgatnakerfi þess.

Nafn hverfisins kemur frá Smárahvammum sem var nýbýli frá Fífuhvammsjörðinni og byggt 1940. Smárahvammur var staðsettur u.þ.b. þar sem Lautarsmári 31 er í dag. Þar sem Dalvegur er í dag var töluvert malarnám, einnig frystihús og einangrunarverksmiðjan VÍBRÓ.



Myndin sýnir Smárahvamm eftir 1980. Smárahvammur var nýbýli í Fífuhvammslandi byggt 1940 af Kristjáni Ísakssyni. Adolf J. Petersen (1983).




Staðsetning Smárahverfis á höfuðborgarsvæðinu og í Kópavogi (Kortavefsjá Kópavogs, 2014).


Örnefni

- 1 Skotmói var á landamerkjum milli jarðanna Arnarness og Kópavogs.
- 2 Systkinaleiði og Hjónadysjar voru austan við Hafnarfjarðarveg, við Fífuhvamm.
- 3 Fífumýri er nýlegt nafn á mýrinni sunnan við Kópavogslækinn og nær frá Skotmóa að íþróttavellinum. Var lögð undir túnrækt á árunum 1936 til 1942.
- 4 Svartibakki var vestan við Danskavað á Kópavogslæk, suðvestan við Stútulaut þar sem Digraneskirkja er núna.
- 5 Svartiklettur var steinn á suðurbakka Kópavogslækjar móts við Svartabakka.
- 6 Danskavað á Hvammskotslæk, austan við Svörtubakka. „Nafnið Danskavað er tilkomið af því að fyrir miðja nítjándu öld strandaði dönsk skonnorta á Kópavoginum, mennirnir komust allir í land Kópavogsmeigin, ætluðu þá til Hafnarfjarðar en fundu hvergi vað á Hvammskotslæk (Kópavogslæk) fyrr en þeir höfðu gengið suður fyrir Svörtubakka og gátu vaðið þar yfir lækinn.“
- 7 Hvammskotslækur (Kópavogslækur) rennur úr Breiðholtsmýri í Kópavog.
- 8 Engjaborg er á merkjum milli Arnarness og Fífuhvamms. Þar voru tóftir af fjárhúsi og heygarði.
- 9 Skútaklettur er landamerkjasteinn norðan í Arnarneshálsi, slútir fram móti norðaustri.
- 10 Smárahvammur Nýbýli frá Fífuhvammsjörðinni, byggt 1940.

Heimild: (Saga Kópavogs, 1990).




Loftmynd af Kópavogi árið 1946. Rauðu línurnar sýna gatnakerfið í Kópavogi í dag.



- Eggjabú
- Dvöl
- Smárahvammur
- Röragerð
- Malargryfur
- Fífuhammur
- VÍBRÓ
- Frystihús
- Fiskitrönur

Horft í austur yfir Kópavogslæk og iðnaðarsvæðið við Dalveg. Ljós. Skúli Skúlason. Héraðsskjalasafn Kópavogs. Afh. 72/2005.



Aðalskipulag Kópavogs 1969.



Aðalskipulag Kópavogs 1982-2003.



Aðalskipulag Kópavogs 1988-2008.

Þróun Smárans í Aðalskipulags Kópavogs frá 1969 - 2012

Árið 1969 var Smárinn óbyggð svæði að mestu. Kópavogsdalurinn var skipulagður sem opið svæði, svæðið við Reykjanesbrautina var iðnaðarsvæði og íbúðarsvæði. Ekki var búið að leggja línurnar fyrir gatnakerfið í hverfinu.

Í Aðalskipulag Kópavogs 1982-2003 var gatnakerfið ólíkt því sem við þekkjum í dag, bæði Digranesvegurinn, Fífuhvammsvegurinn og Dalvegurinn. Digranesvegurinn var vestar og Fífuhvammsvegurinn lá norðar. Skipulag Kópavogsdalsins, vestan við Digranesveginn, gerði ráð fyrir íþrótt- og íbúðarsvæði í dalnum. Dalvegurinn var iðnaðarsvæði næst Fífuhvammsveginum og svo opið svæði, íbúðir og gróðrarstöð næst Dalveginum. Nónhæðin var að mestu skipulögð sem íbúðir til síðari nota og lítill hluti var skipulagður fyrir stofnanir, verslun og þjónustu. Efst á hæðinni var opið svæði með stofnun í miðjunni.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 1988-2008 varð meiri breyting til þess sem við þekkjum í dag, þ.e. gatnakerfið, íbúðarbyggðin og opnu svæðin. Dalvegurinn og Smáralindarsvæðið eru þarna skilgreind sem iðnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði.

Frá aðalskipulaginu 1988 hafa litlar breytingar orðið á íbúðarsvæðunum en meiri breytingar hafa verið á Smáralindarsvæðinu og Dalvegi. Frá árinu 2000 hefur þróun Smáralindarsvæðis og Dalvegar tekið nokkrum breytingum, svæðið var skilgreint sem miðsvæði og verslun og þjónusta. Í gildandi aðalskiplagi eru þessi svæði að stórum hluta nú skilgreind sem þróunarsvæði.



Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012.



Aðalskipulag Kópavogs 2012 - 2024.

Smárinn, deiliskipulög frá 1988

Á árunum 1988-1995 var unnið skipulag fyrir allt Smárahverfið, fyrst fyrir landið í einkaeigu og svo þremur árum seinna kom skipulag fyrir Nónhæðina sem var í eigu bæjarins. Í lok árs 1990 var samþykkt breyting á landnotkun í Kópavogsdalnum og í kjölfarið var hafin vinna við að skipuleggja íbúða- og útivistarsvæði í dalnum. Áður var þar skilgreint athafnasvæði. Á sama tíma var legu gatna í dalnum breytt. Í skipulagsvinnunni var áhersla lögð á fjölbreytta byggð sérbýlis- og fjölbýlishúsa annars vegar og hins vegar verslunar-, þjónustu- og atvinnuhúsnæðis. Í upphaflega skipulaginu var gert ráð fyrir 3.500 – 4.000 íbúum á báðum svæðum.

Kópavogsdalur


Árið 1989 var samþykkt deiliskipulag fyrir blandað athafnasvæði við Reykjanesbraut. Íbúðasvæði skyldi vera fyrir allt að 750 íbúðir fyrir um 2.300 íbúa þar sem gert var ráð fyrir 1,5-2,5 bílastæðum á íbúð norðan Fífuhammsvegur. Íþróttasvæði og stofnanasvæði yrði þar fyrir vestan. Í deiliskipulagi fyrir Kópavogsdalinn var tekið fram að æskilegt væri að hafa þakgarða fyrir íbúðir á efstu hæðum.

Nónhæð

Í skipulagi fyrir Nónhæðina er gert ráð fyrir tilbeiðsluhúsi Baháí efst á hæðinni og þar stutt frá var gert ráð fyrir kaffihúsi og lítilli verslun. Skipulagið á Nónhæð gerði ráð fyrir 523 íbúðum með um 1550 íbúum. Í einbýli var gert ráð fyrir þremur bílastæðum á íbúð en tveimur í sambýli. Skólinn og íþróttasvæðið tengjast



Íbúðarhverfi í Kópavogsdal, skipulagsuppráttur frá 1989. Helstu breytingin varð austast í hverfinu.



Nónhæð, skipulagsuppráttur frá 1991.

gönguleiðum í dalnum.

Samkvæmt deiliskipulagi Nónhæðar var gert ráð fyrir þrennum undirgöngum í hverfinu. Tvö þeirra áttu að vera undir Arnarnesveg, þ.e. milli Kópavogs og Garðabæjar, við gatnamót Smárahvammsvegar, og hin við gatnamót Fífuhvammsvegar og Arnarnesvegar. Ein undirgöng áttu að vera undir Fífuhvammsveg á mótis við Smáraskóla. Undirgöng undir Arnarnesveg við gatnamót Fífuhvammsvegar og undirgöng á mótis við Smáraskóla hafa ekki verið gerð.

Smárahvammur


Deiliskipulag var unnið fyrir svæðið sunnan Smáralindar á árunum 1988-9, sem byggðist upp frá árinu 1991 til aldamóta. Í greinargerð deiliskipulagsins segir að svæðið sé ætlað fyrir atvinnuhúsnæði með fjölbreytilegri starfsemi, allt frá fínum iðnaði til verslunar-, skrifstofu- og hvers konar þjónustustarfsemi. Ekki var gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði öðru en e.t.v. húsvarðaríbúðum í stöku húsum. Gert var ráð fyrir húsum af mismunandi stærðum, bæði hvað varðar grunnflöt og hæð. Gert var ráð fyrir mörgum bílastæðum en þó ekki þannig að þau yrðu lýti fyrir umhverfið. Gert var ráð fyrir að heildarflatarmál bygginga yrði rúmlega 53.000 m².

Smáralind

Seinni hluta árs 1993 var samþykkt deiliskipulag af Hagasmára 1, nú Smáralind, stærsta verslunarmiðstöð landsins. Þar var m.a. gert ráð fyrir byggð á 1-3 hæðum með verslun og þjónustu fyrir íbúa í aðliggjandi hverfum. Uppbyggingu á svæðinu er enn ekki lokið að fullu og er svæðið ásamt Smárahvammi skilgreint sem þróunarsvæði í nýju aðalskipulagi Kópavogs.



Smárahvammur, skipulagsuppráttur frá 1989.




Þjónustumiðstöð í Kópavogsdal, skipulagsuppráttur frá 1993.

Dalvegur og Smáratorg


Deiliskipulagsskilmálar fyrir Dalveg voru samþykktir í ársbyrjun 1991. Samkvæmt þáverandi aðalskipulagi var þar gert ráð fyrir iðnaðarsvæði en í deiliskipulaginu var gerð grein fyrir því að svæðið væri miðsvæðis og framtíðaruppbygging gæti leitt til breyttrar landnotkunar og hluti verslunar- og þjónustu aukist.

Norðan Fífuhammsvegur við Smáratorg byggðust upp verslunar- og skrifstofubyggingar með fjölbreyttri þjónustu á árunum 1997-2000 og á árunum 2006-2008 reis á svæðinu hæsta bygging landsins á Smáratorgi, Turninn, alls 20 hæðir. Á árunum 2006-2008 voru kynntar fyrir bæjaryfirvöldum hugmyndir unnar undir formerkjum mikils vaxtar í verslun og þjónustu. Sá vöxtur er ekki lengur fyrir hendi og hafa þær því verið lagðar á hilluna.


Hluti deiliskipulags í Smáranum er unninn á árunum í kringum 1990 og er því að verða aldarfjórðungs gamalt. Endurskoðunar er þörf og mikilvægt er í þeirri vinnu sem framundan er að Smárinn og Glæðheimar verði tengd saman. Þannig verður heildarmynd svæðiskjarnans betur tryggð.



Hagasmári 1, Smáralind, skipulagsuppdráttur frá 1995.




Hagasmári 1, Smáralind, skipulagsuppdráttur frá 1999.



Deiliskipulag við Dalveg frá 1990.



Smáratorg, skipulagsuppráttur frá 1996.



Smáratorg, gildandi deiliskipulag frá 2007.

Uppbygging og þróun hverfisins, helstu einkenni

Smárinn er minnsta hverfið í Kópavogi og með fæstu íbúana. Þar búa árið 2015 3.009 íbúar í 1.303 íbúðum. Smáranum hefur verið skipt í fjórar minni hverfareiti. Hver hverfareitur ræðst af mismunandi þáttum s.s. gatnakerfi, umhverfislegum forsendum, skólahverfi eða skipulagseinkennum.

Hverfareitir	Fjöldi íbúa	Fjöldi íbúða	Fjöldi lóða	Stærð hverfis (ha)	Íbúaþéttleiki íbúar/ha	Íbúðaþéttleiki íbúðir/ha	Íbúar/íbúð	Upphafleg samþykkt í deiliskipulagi	
								Íbúar	Íbúðir
S1	1.652	715	133	63	26,22	11,35	2,31	2.300	750
S2	0	0	14	31	0	0,00	0,0	0	0
S3	1.332	579	204	32	41,63	18,09	2,30	1.550	523
S4	25	9	27	27	0,93	0,33	2,78	0	0
Samtals	3.009	1.303	378	153	21,14	8,52	2,31	3.850	1.273

Töluleg gögn koma frá Þjóðskrá og FMR, 2015.



Hverfareitir Smárahverfis eru fjórir, S1, S2, S3 og S4.

Fjölgun íbúða frá upphaflegu skipulagi má meðal annars rekja til breytinga á skipulagi í hverfareit S1 og S3.

Í hverfareit S1 var fjölbýlishúsalengju breytt í stakstæð fjölbýlishús.

Í hverfareit S3 var einbýlishúsum í Bakka- og Grófarsmára breytt í parhús.



Ársskýrsla Kópavogsbæjar 1991



Ársskýrsla Kópavogsbæjar 1993




Ársskýrsla Kópavogsbæjar 1992




Ársskýrsla Kópavogsbæjar 1994

Á árunum 1993 og 1994 fóru fyrstu íbúarnir að flytja inn í Smárahverfið. Á árinu 1995 voru þeir liðlega 850 talsins og fjölgaði hratt. Fjölmennast var hverfið í byrjun árs 2002, alls 3.535 íbúar. Þá voru 14% íbúa 65 ára og eldri en um 11% íbúa í Kópavogi öllum. Skýrist þessi munur m.a. af þjónustuíbúðum fyrir aldraða í Gullsmára. Í dag eru íbúar 3.009 og eru 19% þeirra 67 ára og eldri. Til samanburðar eru 67 ára og eldri um 12% allra Kópavogsbúa.


Í lok skipulagstímabils aðalskipulags Kópavogs, 2024, er gert ráð fyrir að uppbyggingu á 500 nýjum íbúðum verði lokið og að íbúum í hverfinu hafi þá fjölgað um 1.200.




Íbúaþróun í Smáranum frá 1992-2015 og spá til ársins 2024 skv. Aðalskipulagi Kópavogs.



Aldursdreifing í Smáranum 2015.



Aldursdreifing í Kópavogi 2015.



Smárahverfi hefur verið skipt í fjóra hverfareiti eftir skipulagseinkennum, gatnakerfi og umhverfislegum þáttum.

- Kópavogsdalur (S1).
- Dalvegur (S2).
- Nónhæð (S3).
- Smárinn vestan Reykjanesbrautar (S4).

Helstu sérkenni Smárans eru Kópavogsdalurinn, íþróttaaðstaðan í Kópavogsdal, fjölbreytt byggðarmynstur og fjölbreytt verslun og þjónusta í hverfinu sem þjónar öllu höfuðborgarsvæðinu.

Austast í hverfinu er mikil og fjölbreytt þjónusta, annars vegar við Dalveg og hinsvegar í Smáralind og þjónustusvæðinu sunnan við hana. Þar er allt frá matvöruverslun, smávöruverslunum, lögreglu, pósthúsi að bílaverkstæðum, málningarverslun og gróðrarstöð.




Smárahverfi er skipt upp í fjóra hverfareiti.

Íþróttasvæði Breiðabliks, Smárinn og Kópavogsvöllur, er í Kópavogsdal og nær það yfir um 15 ha svæði. Þar er íþróttahúsið Smárinn, fjórir æfingarvellir og kastvöllur ásamt fjölnotahúsinu Fífunni, tennishöll og tennisvöllum og Smárahvammsvelli.

Íbúðarhverfin eru tvö, annars vegar Kópavogsdalurinn (S1) og hins vegar Nónhæðin (S3). Verslun og þjónusta er í hverfahlutum S2 og S4. Hverfin skiptast svo í minni hverfiseiningar eftir húsagerðum og fleiri þáttum.

Húsakönnun er „byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining og úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda.“ (Minjastofnun Íslands, 2009). Húsakönnun verður gerð í elstu hverfum Kópavogs, á Kársnesi og Digranesi. Þar eru hús sem voru byggð fyrir árið 1950. Auk þess sem þar eru hús og skipulagsreitir sem eru einkennandi fyrir ákveðið skipulagstímabil eða byggingarsöguna. Má meðal annars nefna Sigvaldahúsin í Hrauntungu, íbúðir fyrir eldri borgara í Vogatungu, húsinn umhverfis Hlíðargarð sem flest hver voru teiknuð af Sigvalda Thordarsyni og Ástúnshverfið. Ekki er talin þörf á að vinna húsakönnun fyrir Smárahverfið þar sem ekki eru nema rúmlega 20 ár frá því að hverfið byggðist upp.



Skipulagsuppdráttur Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024.


Í aðalskipulagi kemur fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar næstu 12 ár að minnsta kosti. Sveitarstjórnin ber ábyrgð á gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélagið og í því skal fjallað um allt land innan marka þess. Aðalskipulagið er sett fram í skipulagsgreinargerð, umhverfisskýrslu og á skipulagsuppdráttum sem skiptast í sveitarfélagsuppdrátt og þéttbýlisuppdrátt. Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur að deiliskipulagsgerð einstakra svæða í sveitarfélaginu og leyfisveitingum til framkvæmda.

Þróunarsvæði

Fyrir dyrum stendur áframhaldandi uppbygging í Smárahverfi. Megináhersla er á enn frekari uppbyggingu miðsvæðis við Reykjanesbraut sunnan Smáralindar og á þróunarsvæði við Dalveg ásamt breytingu á umferðarkerfinu næst Reykjanesbraut. Með aukinni byggð í bæjarhlutanum vilja bæjaryfirvöld skapa fleirum tækifæri til að búa og starfa á góðum stað og jafnframt nýta þá kosti sem bæjarlandið hefur upp á að bjóða. Í Aðalskipulagi Kópavogs eru tilgreind fimm þróunarsvæði í bænum og þar af eru tvö þeirra í Smáranum, Dalvegur og suðursvæði Smáralindar. Skilgreining á þróunarsvæði felur í sér að hægt er að endurskoða landnotkun og landnýtingu svæðisins. Starfsemi við Dalveg hefur breyst nokkuð í gegnum tíðina. Einkennist starfsemin í dag að mestu af verslun og þjónustu en iðnaður hefur verið víkjandi. Svæðið telst fullbyggt en þó er svigrúm fyrir breytingar á svæðinu fyrir nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Gert er ráð

fyrir að nýtingarhlutfall á Dalvegi verði 0,5 til 0,8 og er stærð þróunarsvæðisins um 10 ha. Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er ráðgerð heildarendurskoðun á skipulagi svæðiskjarnans í Smáranum og Glaðheimum. Í þeirri endurskoðun er lagt til að tekið verði á þáttum eins og landnotkun og landnýtingu með það að markmiði að byggðin verði blanda íbúða og verslunar- og þjónustuhúsnæðis. Jafnframt að samgöngukerfið á svæðinu verði yfirfarið, sett fram markmið um yfirbragð byggðar (hæð og form byggðar), opin svæði, gróður, tengingar milli svæða, göngu- og hjólaleiðir og mögulega áfangaskiptingu.

Stærð þróunarsvæðis í Smárahverfi: 25 ha.
Byggðir fermetrar á þróunarsvæði: um 212.000 m².
Framtíðaruppbygging: 84.000 m², auk bílageymslna.



Þróunarsvæði skv. Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.



Suðursvæði Smáralindar.

Smárinn vestan Reykjanesbrautar.

„Miðborg með iðandi mannlíf, - alltaf“

Markmiðið með skipulagi Smárans vestan Reykjanesbrautar er að styrkja svæðið sem öflugt og áhugavert íbúðar-, verslunar- og þjónustusvæði í miðju höfuðborgarsvæðisins og nýta núverandi innviði bæjarfélagsins betur. Skipulagssvæðið eru hverfareitir S4A og S4B og megin áherslan verður á svæðið sunnan Smáralindar.

Áherslur deiliskipulagsvinnunnar eru að móta spennandi og eftirsóknarverðan búsetukost á höfuðborgarsvæðinu fyrir alla aldurshópa og sérstök áhersla skal lögð á að bjóða upp á íbúðir fyrir ungt fólk. Við þróun svæðisins verður haft að leiðarljósi að líta til yfirbragðs og hæðar byggðar, vistvænna lausna, opinna svæða, aðgengis og tenginga við aðliggjandi svæði. Þá verði lögð áhersla á fjölbreytt íbúðaform.

Samkvæmt stefnu aðalskipulags Kópavogs verður nýtingarhlutfall svæðisins 1,3. Miðað er við að deiliskipulagið heimili nýja byggð, um 84.000 m², á suðurhluta svæðisins. Þar er miðað við að íbúðir verði 500 talsins. Auk þess er gert ráð fyrir byggingum bílageymslna, alls um 27.000 m².

Mikilvægur þáttur í að gera skipulagssvæðið að eftirsóknarverðum búsetukosti er mótun yfirbragðs og ásýndar nýrrar byggðar og samspil þess við aðliggjandi byggð, s.s. Smáralind, Gláðheima og Gullsmára. Miðað við stefnu aðalskipulags er um þetta byggð að ræða.

Til að mæta þessum markmiðum verður í skipulagsvinnu lögð áhersla á:

- Að miðað skuli við að hæðir bygginga verði almennt 4-7 hæðir en næst Smáralind verði heimilt að skoða staka byggingu á allt að 14 hæðum.

- Að form bygginga verði fjölbreytt og útlínur bygginga verði brotnar upp.
- Að móta opin svæði, bæði garða og torg, sem hafa fjölbreytta notkun. Hugað verði að því að byggð veiti skjól á opnum svæðum.
- Að huga að staðsetningu íbúða og fyrirkomulagi þeirra m.t.t. hávaða frá umferð.
- Að huga að áhrifum uppbyggingar á nærliggjandi byggð, s.s. vegna skuggavarps, umferðar, nýtingu opinna svæða, aðgengi að torgi og þjónustu.

Almenn viðmið varðandi bílastæði verða í deiliskipulagsvinnunni 1-1,2 bílastæði á hverja íbúð og 1 bílastæði á hverja 35 m² af atvinnuhúsnæði.

Áhersla er á að þetta byggð og nýta betur þá innviði sem eru fyrir hendi og gefa íbúum kost á að búa nær vinnustað sem og auka við fjölbreytni í búsetukostum.



Hugmyndir að útfærslu á suðursvæði Smáralindar, unnið af ARK STUDIO / URBAN ARKITEKTAR (2015).

3. Formfræði og einkenni byggðarinnar

Formfræði fjallar um form og mynstur byggðar, þar sem innbyrðis tengsl og sagan eru skoðuð í heildarsamhengi. Þar er athugað hvernig byggingarnar þróast í takt við þjóðfélagið og byggðarmynstur hverfisins.

Við gerð hverfisáætlunar var Smáranum skipt í fjóra hverfareiti út frá byggðarmynstri, náttúrulegu umhverfi, ásýnd, yfirbragði og gatnakerfi. Hér á eftir verður hver hverfareitur greindur nánar út frá skipulagseinkennum.



Grunneiningar skipulags eru götur, lóðir og hús samkvæmt þýska landfræðingnum M.R.G. Conzen sem hefur unnið við rannsóknir á borgarformfræði.

Kópavogsdalur, íbúðabyggð (S1)

Deiliskipulag fyrir íbúðabyggð í Kópavogsdal var samþykkt í bæjarstjórn árið 1989. Hverfishlutinn er að mestu leyti lágreist raðhús en fjölbýlishús ramma byggðina af norðan- og austanmegin. Við skipulagningu hverfisins var leitast við að fella byggðina sem best að landslaginu og var hugmyndin sú að fjölbýlishúsin á jaðri raðhúsabyggðarinnar veiti skjól fyrir austannæðingi og hávaða frá þungri umferð um Dalveginn austan- og sunnanmegin við byggðina. Auk þess sem byggðin átti að vera þéttust næst verslunar- og þjónustukjarna hverfisins. Næst óbyggðum, flötum dalbotninum eru húsin lægst en hækka þegar austar dregur. Heildarstærð byggða svæðisins er um 20 ha og stór opin svæði liggja að byggðinni vestan megin. Íþrótt- og útivistarsvæði eru vestan megin í dalnum. Í miðju hverfinu, við Dalsmára, er leikskólinn Lækur.



Kópavogsdalur, hverfareitur S1.



Dalvegur.



Smárahvammsvegur og Gullsmári.

Stærsti hluti húsanna í hverfinu eru á tveimur til þremur hæðum og mynda þau rými og skjól fyrir íbúa. Biðstöðvar Strætó eru við Dalsmára. Í deiliskipulaginu var ekki gert ráð fyrir sérstökum hjólastígum innan hverfisins, enda tíðkaðist það ekki á þessum tíma. Hluti af Lautarsmára var hugsaður sem vistgata í upphafi. Göngustígur liggur í gegnum mitt hverfið frá skólanum í vestri og verslun og þjónustu við Dalveginn í austri. Þaðan heldur stígurinn áfram út Kópavogsdalinn í fjölbreytt útivistarsvæði. Inn á aðalstíginn tengjast minni stígar þvert á og göngustígar eru á milli húsbýrpinga og meðfram öllum akbrautum. Einkennandi fyrir hverfið er þéttur götugróður sem skilur á milli gatna og göngustíga sem gerir mikið fyrir heildaryfirbragð hverfisins.



Fjölbreyttur götugróður skapar skemmtilegt umhverfi í Dalsmára.



Mikil gróðursæld er í hverfinu.



Leiksvæði við Lækjarsmára.

Hvað húsagerðir og skipulag varðar má skipta hverfareitnum í Kópavogsdal, (S1), í fjórar minni hverfiseiningar eftir húsagerðum.

- S1A – Rað- og parhús.
- S1B – Fjölbýlishús allt að fjórar hæðir.
- S1C – Fjölbýlishús hærri en fjórar hæðir.
- S1D - Íþróttabyggingar, skóli og opin svæði.

	Íbúar	Íbúðir	Stærð (ha)	Lóðir	Þéttleiki (íb./íbúð)
S1A	181	50	4,3	50	3,6
S1B	1.128	430	10,14	64	2,6
S1C	343	235	5,43	6	1,5
Íþróttasvæði			15,76		
Leik- og grunnskólar			3,83		
Opið svæði			23,54		

Hverfiseiningin S1A nær yfir rað- og parhús í hverfahlutanum S1.



Hverfareitur S1 skiptist í fjórar hverfiseiningar. Þrjár íbúðar hverfiseiningar og eina hverfiseiningu sem er opið svæði, íþróttasvæði og skóli.

Húsin mynda litlar einingar með þremur botnlöngum út frá Lindasmára. Húsin eru á einni hæð með risi og innbyggðum bílskúr og standa á miðri lóð.

Meðfram Lindasmára liggur aðalstígur hverfisins að grunnskólanum. Við endann á Lindasmára 50 og 57 er Engjaborg sem var landamerki milli Kópavogs, Digraness, Fífuhamms og Arnarness. Svæðið í kringum Engjaborg er hverfisverndað sem skilgreint er í skipulagslögum sem, verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja, fornminja eða náttúruminja.

Engjaborg var landamerki milli jarðanna Kópavogs, Digraness, Fífuhamms og Arnarness.


Engjaborg er við endann á Lindasmára 59 og 57.



Engjaborg.



Hverfiseining S1A, rað- og parhús í Lindasmára.



Hverfiseining S1B einkennist af 2–4 hæða fjölbýlishúsum báðu megin við Dalsmára. Húsaraðirnar mynda skjól og rými fyrir íbúa. Þar eru góðir suðurgarðar og rúmgóðar svalir. Í þessari hverfiseiningu eru leiksvæði sem tilheyra íbúum svæðisins.

Austast í hverfinu er hverfiseining S1C. Þar eru hærri hús, allt frá sjö hæðum upp í tíu hæðir en slík byggð er oft kölluð punktbyggð. Húsin eru með sameiginlegum inngangi. Bílastæði eru bæði innan lóðar og í bílajakjöllum og gefinn er kostur á svalalokunum. Húsin eru aðgreind með mismunandi litum. Í upphaflegu skipulagi var gert ráð fyrir samtengdum fjölbýlishúsum sem áttu að skerma af lægri íbúðarbyggð. Í hverfahlutanum eru tvö leiksvæði, eitt við Lautarsmára 3 og 5 og annað við Lækjarsmára 8. Ekki er verslun og þjónusta í þessum hverfahluta en þó er stutt í hana í nærliggjandi hverfahluta við Dalveg og í Smáralind. Smáraskóli og leikskólinn Lækur eru í hverfahluta S1 en leikskólinn er með starfsemi í þremur



Hverfiseining S1C, 7 - 10 hæða fjölbýlishús, punktbyggð.



Lækjarsmári.



Hverfiseining S1B, 2 - 3 hæða blokkir, sambýlishús við Lækjar- og Lautarsmára.



húsum við Kópavogsdalinn.


Dalvegur (S2)

Dalvegur (S2) afmarkast af Kópavogsdalnum, Reykjanesbraut, Smáralind og Nýbýlavegi. Þar er blanda af iðnaði, verslun og þjónustu auk endurvinnslustöðvar Sorpu. Á árum áður var þar grófari iðnaður og má helst sjá merki um það austan við Smáratorg, sem í dag er að hluta til skilgreint sem þróunarsvæði. Hvað húsagerð og skipulag varðar þá er Dalvegi skipt í tvær hverfiseiningar S2A og S2B. Hverfiseining S2A er að mestu tveggja til þriggja hæða hús með stóran grunnflöt að undanskildum Dalvegi 10-14. Í deiliskipulagsskilmálum segir að byggingar skuli vera steinsteyptar eða klæddar efni með steináferð og þök skulu vera tvíhalla nema þar sem annað er tekið fram. Þegar þessi hverfahluti var skipulagður var áhersla lögð á aðgengi fyrir bíla. Aðgengi fyrir gangandi og hjólandi er ábótavant. Smáratorg og Turninn tilheyra hverfiseiningu S2B en Turninn sem er á 20 hæðum og 77,6m á hæð er hæsta bygging í Kópavogi. Glerklæddur turninn er sýnilegur frá flestum



Hverfiseining S2A og S2B. Fjölbreytt þjónustusvæði og hús með stórum grunnflöti, Dalvegur.

	Íbúar	Íbúðir	Stærð (ha)	Lóðir	Þéttleiki (íb./íbúð)
S2A	0	0	23,7	13	0
S2B	0	0	7,3	1	0



Hverfiseining S2A er að mestu tveggja til þriggja hæða hús með stóran grunnflöt.

hverfum bæjarins en Norðurturninn við Hagasmára 3 er einnig áberandi bygging í bæjarmynd Kópavogs. Smáratorg er L-laga bygging með litlu torgi inni í miðju hússins þar sem eru m.a. veitingastaðir og aðkoma í fyrirtæki á efri hæð hússins. Gengið er inn í flest fyrirtækin á Smáratorgi frá bílastæði, en þar er einnig bílastæðahús undir.

Nónhæð (S3)

Hverfahlutinn nær yfir fjölbreytta, gróna íbúðarbyggð með einbýlishús, parhús, raðhús og blokkir. Ein bensínstöð er í hverfareitnum, leikskóli og þjónustumiðstöðin Gullsmári fyrir eldri borgara. Börn sem þarna búa sækja nám í Smáraskóla. Leiksvæðin eru þrjú á opnum svæðum milli byggðarinnar. Skipulagssvæðið er að meginhluta á móti norðri og norðvestri. Við Fífuhvammsveg er landið lægst í um 18 m.y.s. en fer í 55 m.y.s. efst á Nónhæðinni. Þarna er víðsýnt og útsýni mjög fallegt út á Kópavoginn og byggðina á Kársnesi í átt að Snæfellsjökli. Esjan og Móskaðshnjúkar blasa við byggðinni í hæðinni norðaustanverðri. Holtagróður var ríkjandi á svæðinu og víða stórgrýtt. Lúpína er á kolli Nónhæðar.



Nónhæð, hverfareitur S3.

Hvað húsagerðir og skipulag varðar má skipta Nónhæðinni í minni einingar eftir húsategundum og skipulagseinkennum.

- S3A - Fjölbýlishús allt að þrjár hæðir með möguleika á bílskúrum.
- S3B - Parhús.
- S3C - Einbýlishús.
- S3D - Rað- og parhús.
- S3E - Fjölbýlishús allt að þrjár hæðir og fjölbýlishús hærri en fjórar hæðir.



Nónhæðinni skipt upp í fimm hverfahluta eftir einkennum og sérkennum byggðar.

	Íbúar	Íbúðir	Stærð (ha)	Lóðir	Þéttleiki (íb./íbúð)
S3A	276	119	5,7	8	2,3
S3B	254	64	6,5	67	4,0
S3C	184	58	5,3	49	3,2
S3D	220	73	9,6	76	3,0
S3E	398	265	4,9	4	1,5

Í hverfiseiningu S3A í Arnarsmára eru fjölbýlishús á þremur hæðum og kjallara. Í hverjum botnlanga er eitt stakstætt hús og tvö samtengd hús. Samkvæmt deiliskipulagi má byggja átta bílskúra á hverri lóð sem eiga að falla vel inn í landið. Þar má einnig finna leikskóla og bensínsölu. Í skipulaginu var gert ráð fyrir lítilli verslun efst á hæðinni en þar er engin starfsemi í dag.

Í hverfiseining S3B í Grófar- og Bakkasmára eru parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Öll húsin eru með mænisþaki. Meðalstærð hvers húss er um 205 m². Upphaflega skipulagið í þessum tveimur götum var þannig að bílskúrarnir voru frístandandi og húsin sunnan megin í götunni voru einbýlishús.



Hverfiseining S3A, 3 hæða fjölbýlishús auk kjallara og leyfi fyrir bílskúr. Verslun og þjónusta er í hverfiseiningu S3A.



Hverfiseining S3B samanstendur af parhúsum á tveimur hæðum.



Parhús norðanmegin í götu.




Parhús sunnanmegin í götu.

Í hverfiseiningu S3C eru að mestu einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúrum. Samkvæmt deiliskipulagsskilmálum er heimilt að byggja léttar útbyggingar út fyrir byggingarreit, s.s. glerskála, bílskúr og svalir en þó má ekki fara út fyrir ytri byggingarreit. Þar má þó einnig finna einbýlishús á einni hæð, með pallaskiptu gólfi og innbyggðum bílskúr. Þau eru merkt sérstaklega á mynd efst hægra megin (Bollasmári 1 og 2, Bergsmári 1, 2 og 4 og Grundarsmári 11,13,15 og 17). Samanlagður gólfflötur þessara húsa má vera 179,6 m² og gert er ráð fyrir bílskúr innan byggingarreits á hverri lóð.



Í Bolla- og Bergsmára eru einbýlishús á einni hæð.



Í skipulagsskilmálum er heimilt að byggja léttar útbyggingar út fyrir byggingarreit, s.s. glerskála.



Hverfiseining S3C samanstendur að mestu af einbýlishúsum á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr.


S3D eru rað- og parhús á tveimur hæðum, raðhús á einni hæð eða tvíbýlishús á tveimur hæðum (ein íbúð á hæð). Húsin eru annað hvort með bakgarði eða forgarði, eftir því hvoru megin þau standa í götunni.



Rað- og parhús í hverfahluta S3D.



Hverfishluti S3E er s.k. punktbyggð með fjölbýlishúsum á tveimur til tólf hæðum. Í Gullsmára 7, 9 og 11 eru íbúðir fyrir aldraða og eru húsin tengd saman í miðjunni með einnar hæðar þjónustumiðstöð. Bílaskjallarar eru undir hæstu húsunum en fyrir minni sambýlishúsin eru öll bílastæði ofanjarðar. Sameiginleg græn svæði sem snúa öll í suður og suð-vestur eru við hvert hús og hljóðmanir girða svæðið af við Smárahvammsveg og Fífuhvammsveg. Lægstu byggingarnar eru suðvestan megin í hverfishlutanum og standa hærra í landi en hæstu húsin.



Fjölbreytt fjölbýlishús eru í hverfahluta S3E, ásamt þjónustumiðstöinni Gullsmára fyrir eldri borgara.

Smárinn vestsan Reykjanesbrautar (S4)

Svæðið afmarkast af Arnarnesvegi, Smárahvammsvegi, Fífuhvammsvegi og Reykjanesbraut. Þar er fyrst og fremst verslun, þjónusta og skrifstofubyggingar. Allur hverfareiturinn er skilgreindur sem þróunarsvæði í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Landnotkun var breytt úr blönduðu svæði verslunar- þjónustu- og íbúðarsvæðis í s.k. miðsvæði. Í aðalskipulaginu er miðað við að ráðist verði í heildarendurskoðun á deiliskipulagi á svæðinu beggja vegna Reykjanesbrautar, þ.e. í Glaðheimum og í Smáranum. Í þeirri vinnu verður landnotkun og landnýting endurskoðuð svo og samgöngur á svæðinu. Gert er

ráð fyrir að yfirbragð fyrirhugaðrar byggðar verði endurskoðað, m.a. hæð byggðarinnar og form, opin svæði, tengingar á milli svæða og göngu- og hjóllaleiðir. Skiptistöð almenningsgangna verði á svæðinu og mögulegt spor fyrir lestarsamgöngur. Helsta kennileiti hverfareitsins er Smáralindin, hverfareitur S4A. Hverfareitur S4B er að mestu óbyggt svæði en unnið er að deiliskipulagsgerð reitsins í samráði við lóðarhafa. Í hverfareit S4C eru skrifstofu og þjónustubyggingar á 5 -7 hæðum. Bílastæði á hverfareitnum eru nær eingöngu ofanjarðar. Í skipulagi var ekki gert ráð fyrir hjólastígum né grænum eða opnum svæðum fyrir þá sem vinna eða sækja þjónustu í þeim hverfareit. Engar íbúðir eru í hverfareitnum skv. skipulagi en þar er m.a. eitt hótél og kirkja auk fjölda fyrirtækja og verslana.



	Íbúar	Íbúðir	Stærð (ha)	Lóðir	Þéttleiki (íb./íbúð)
S4A	0	0	12,3	5	
S4B	0	0	4,4	4	
S4C	25	9	10,3	18	2,8



Smárin vestan Reykjanesbrautar er skilgreindur sem þróunarsvæði í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Þar verður helst lögð áhersla á suðursvæði Smáralindar.



Fjölbreytt atvinnustarfsemi er í Hlíðarsmára.



Samantekt

Í hverfinu er ekki hægt að benda á ákveðinn byggingarstíl í hverfinu. Hver hverfahluti hefur þó sitt einkenni og samræmi er milli húsa innan hvers hluta. Lítið er um flöt þök enda ekki gert ráð fyrir þeim í skipulagsskilmálum. Flest húsin eru steinsteypt og lítið er um fúnkís hús sem einkennt hafa nýjar byggðir á höfuðborgarsvæðinu seinasta áratug. Þegar hverfið byggðist upp voru bæði sérbylí og fjölbylí almennt stærri en eldri hús í bænum. Algengt er að fjölbylíshús séu einangruð að utan og klædd viðhaldslitlum plötum, gluggar gerðir úr áli og hugað að viðhaldskostnaði í hönnun húsa. Gerð sólpalla og skjólveggja varð áberandi og mikið er um þéttvaxinn gróður við sérbylí.

Í Smárahverfi eru átta deiliskipulagsáætlanir. Í heildina hafa ekki verið miklar breytingar í hverfinu frá upprunalegu skipulagi. Lítið hefur verið sótt um breytingar á íbúðarhúsnæði. Í Nónhæð hefur verið sótt um stækkun á húsnæði sem nemur um einni sólstofu eða svo. Flestar breytingar hafa verið í Kópavogsdalnum (íþróttastaða) og á Smáralindarsvæðinu.

Fáar breytingar í íbúðarbyggð benda til þess að deiliskipulagsskilmálar þjóni íbúðarbyggðinni að mestu og því má gefa sér það að íbúar í hverfinu séu sáttir og geti flutt sig til innan hverfisins, hvort sem það er til að stækka við sig eða minnka. Talið er að skipulagsbreytingin sem var gerð í Grófar- og Bakkasmára 1992 sé hverfinu til góðs en með þeirri breytingu var þéttleiki hverfisins aukinn og fleiri íbúðir komu í stað einbýlishúsa.



Deiliskipulagsáætlanir í Smáranum, (Skipulagsstofnun, 2014).

Skipulagssvæði	Breytingar
1 Kópavogsdalur útivistarsvæði	7
2 Íbúðahverfi í Kópavogsdal	2
3 Smáratorg	2
4 Dalvegur milli Smáratorgs og gróðrarstöðvar	4
5 Hagasmári 1 (Smáralind)	6
6 Smárahvammur	3
7 Nónhæð	5
8 Gullsmári	0

Heildarbreytingar á deiliskipulagsreitum í Smáranum, (Skipulagsstofnun, 2014).

4. Mat á gæðum byggðar, umhverfi og skipulagi. Niðurstöður gátlista

Í gátlista er staða hverfisins metin, hverjir styrkleikar og veikleikar þess eru. Matið er annars vegar byggt á tölulegum viðmiðum sem eru litakóðuð í gátlista og hins vegar huglægum viðmiðum. Niðurstöður gátlistans eru hér teknar saman, þær sýna stöðu hverfisins eins og hún er í dag og hvernig leita má leiða til að styrkja hverfið með tilliti til lýðheilsu og vistvænna viðmiða. Ástand hverfisins er metið út frá matsþáttunum fimm og viðmiðunum sem sett eru fram í gátlistanum:

- Samfélag.
- Athafnir daglegs lífs.
- Efnahagur.
- Manngert umhverfi.
- Náttúrulegt umhverfi.

Gátlistann og niðurstöður hans má finna í viðauka. Í upphafi hvers matsþáttar er sett fram SVÓT-greining sem er byggð á niðurstöðum hvers matsþáttar.

4.1 Samfélag

Í matsþættinum *Samfélag* er verið að meta aðstæður í hverfinu til samveru og samskipta sem efla félagsleg tengsl. Meta möguleikana til að lifa og þroskast í hverfinu heila mannsævi, skoða fjölbreytileika íbúða o.s.frv.



GÁTLISTI

MAT Á GÆÐUM BYGGÐAR, UMHVERFI OG SKIPULAGI ÚT FRÁ SJÁLFBÆRNI OG LÝÐHEILSU

Gátlisti er í viðauka.



Styrkleikar Aldursdreifing Fjölbreytileiki húsnæðis Þjónusta Útivist	Veikleikar Umferð Þéttleiki getur verið meiri
Ógnanir Aukin umferð	Tækifæri Aukinn þéttleiki Nemendafjöldi í skóla


SVÓT - greining fyrir matsþáttinn Samfélag.

4.1.1 Lýðfræði


Aldursdreifing í Smárahverfi er samkvæmt gátlista góð. Íbúar í hverfareit S3 eru eldri en íbúar í S1. Það skýrist m.a. af því að íbúðir í S1 eru minni og að sama skapi ódýrari sem er hentugra fyrir yngra fólk sem er að byrja að búa og stofna fjölskyldu. Húsnæði í S3 er almennt stærra og þar eru líka íbúðir fyrir eldri borgara sem hefur áhrif á aldersdreifingu og meðalaldur. Þegar aldersdreifing íbúa hverfisins er borin saman við aldersdreifingu íbúa í Kópavogi er hlutfallslega meira af eldri íbúum í Smáranum, þegar tvö elstu aldersbilin eru borin saman. Meðalaldur í Kópavogi er 34 ár en meðalaldur í Smáranum er 41 ár.

4.1.2 Íbúabéttleiki


Í Smáranum eru 3.009 íbúar í 1.303 íbúðum. Í hverfareit S1 eru 715 íbúðir, í S2 eru engar íbúðir, í S3 eru 579 íbúðir og í S4 eru 9 íbúðir. Tæpar 9 íbúðir eru á hvern hektara, sem er undir lágmarki í gátlista. Íbúabéttleiki í Smáranum er einnig undir lágmarki eða 19,67 íbúar/ha. Þéttleikinn er meiri í S3 sem skýrist að hluta til að í S1 hefur stærð útivistar- og íþróttasvæðisins í Kópavogsdal áhrif á þéttleikatöluna. Ef aðeins er tekin heildarstærð íbúðarbyggðar í hverfareit S1 og S3 þá breytast þéttleika tölurnar og verða 59 íbúar/ha eða 26 íbúðir/ha. Þá er ekki meðtalið íþróttasvæðið, Kópavogsdalurinn og atvinnusvæðið í hverfinu. Meðalstærð húsnæðis í Kópavogi er minnst í Smárahverfi er stærst í Vatnsendahverfi.





Aldursdreifing í Smáranum 2015



Aldursdreifing í S1, 2015



Aldursdreifing í S3, 2015



Aldursdreifing í Kópavogi 2015


Meðalaldur í hverfahlutum Smárans
S1 - 39 ár
S3 - 44 ár
S4 - 42 ár

Viðmið	Undir lágmarki	Lágmark	Æskilegt	Gott
Litakóði	> 3% frávik	2-3% frávik	1-2% frávik	< 1% frávik

Aldursdreifing í Smáranum fellur í viðmiðin gott samkvæmt gátlista.

Smárinn

Hverfareitir	Fjöldi íbúa	Fjöldi íbúða	Fjöldi lóða	Stærð hverfis (ha)	Íbúapéttleiki íbúar/ha	Íbúðapéttleiki íbúðir/ha
S1	1.652	715	133	63	26,22	11,35
S2	0	0	14	31	0,00	0,00
S3	1.332	579	204	32	41,63	18,09
S4	25	9	27	27	0,93	0,33
Samtals	3.009	1.303	378	153	19,67	8,52



Hverfareitir Smárans.


Kópavogur


Hverfi	Fjöldi íbúa	Fjöldi íbúða	Fjöldi lóða	Stærð hverfis (ha)	Péttleiki, íbúar/ha	Íbúðapéttleiki íbúðir/ha
Kársnes	4.997	1.786	1.034	194	25,76	9,4
Digranes	12.320	4.587	2.177	341	36,13	13,7
Smárinn	3.009	1.303	378	153	19,67	8,7
Fífuhammur	6.094	2.193	831	227	26,85	9,8
Vatnsendi	7.505	2.429	985	690	10,88	4,2
Kópavogur	33.925	12.298	5.405	1.605	21,14	7,2

Töluleg gögn koma frá Þjóðskrá og FMR, 2015.


4.1.3 Skólahverfi

Grunnskóli hverfisins er Smáraskóli, sem er vestast í hverfinu, við íþrótt- og útivistarsvæðið í Kópavogsdalnum. Skólinn er fyrir nemendur í 1. – 10. bekk. Tveir leikskólar eru í hverfinu, Lækur við Lækjarsmára og Leikskólinn Arnarsmári við Arnarsmára. Skólaárið 2014-2015 voru 345 nemendur í Smáraskóla en 237 börn í leikskólunum báðum. Nemendum í Smáraskóla hefur fækkað um helming á síðustu fjórtán árum. Þegar skoðað er hversu mörgum íbúðum skólinn þjónar fellur Smáraskóli í viðmiðunarflokkinn gott. Allir nemendur í Smáraskóla búa innan 800 metra áhrifsvæðis skólans sem segir okkur að allir nemendur eiga að geta gengið eða hjólað í skólann á 12 mínútum eða minna.



 Grunnskólar og 800 m áhrifsvæði þeirra.

Viðmið	Undir lágmarki	Lágmark	Æskilegt	Gott
Litakóði				X




Þróun nemendafjölda í Smáraskóla frá 2000 - 2014, (Menntasvið Kópavogs, 2015).

4.1.4 Þjónusta í hverfinu


Þjónusta í hverfinu er að mestu austast í því. Grunnskóli og íþróttasvæði eru vestast í hverfinu. Þar eru íþróttahúsin Fifan og Smárinn, Kópavogsvöllur, Sporthúsið, Tennishöllin og Smáraskóli. Í austurhluta hverfisins er stórt og mikið verslunar- og þjónustusvæði. Tveir leikskólar eru í hverfinu, Arnarsmári og Lækur. Íbúðir fyrir aldraða eru í Gullsmára og þar er einnig félagsheimili aldraðra. Endurvinnslustöð Sorpu er við Dalveg og einnig er grenndargámastöð við Dalsmára 1a. Skátafélagið Kópar er við Digranesveg, Bakki. Opín svæði eru í Kópavogsdal og á Nónhæð. Kópavogsdalurinn liggur á milli hverfanna Digranes og Smárans og Nónhæðin er við Arnarnesveg.

4.1.5 Samantekt á samfélagslegum áhrifaþáttum.

Smárahverfið er minnsta hverfið í Kópavogi og með fæsta íbúa. En þar er eitt stærsta verslunar- og þjónustusvæði á höfuðborgarsvæðinu sem þjónustar alla höfuðborgarbúa. Þéttleika hverfisins má að hluta til skýra með því að stór hluti hverfisins er eitt stærsta útivistarsvæði bæjarins og stærsta íþróttasvæði Kópavogs, auk þess sem hluti af suðursvæði Smáralindar er enn óbyggður. Fjölbreytileikinn í skipulagi hverfisins er góður og aldersdreifing góð sem gerir það að verkum að auðvelt er að flytja innan hverfisins, hvort sem það er í minna eða stærra húsnæði. Þéttleiki hverfisins mun aukast þegar uppbygging á suðursvæði Smáralindar hefst. Þar er gert ráð fyrir allt að 500 nýjum íbúðum og um 2,3 íbúum í íbúð. Þjónusta í hverfinu er góð og fjölbreytt en farið verður nánar í það í matsþættinum *Athafnir daglegs lífs*. Smáraskóli getur tekið við fleiri nemendum sem skiptir máli þegar kemur að aukinni uppbyggingu í hverfinu.



Leiksvæði og 300 m áhrifsvæði þeirra.



Boltavöllur og 300 m áhrifsvæði

4.2 Athafnir daglegs lífs

Í matsþættinum *Athafnir daglegs lífs* er mat lagt á gæði lífs fyrir daglegar athafnir, sem hvetja til hreyfingar og vellíðunar. Fjarlægðir, aðgengi og samgöngur sem hafa áhrif á daglegan ferðatíma eru einnig metnar.

4.2.1 Fjölbreytni

Fjölbreytni í verslun og þjónustu í hverju hverfi er mikilvægur þáttur í því að íbúar geti sinnst sínum daglegu þörfum. Fjölbreytni í verslun og þjónustu í Smáranum er góð, samtals fær hverfið 23 stig af 26 mögulegum. Sú þjónusta sem vantar til að fá fullt hús stiga er menningarmiðstöð, sundlaug og bókasafn.

Matvöruverslun	Apótek	Líkamsrækt
Leikskóli	ÁTVR	Læknaþjónusta
Skóli	Sjoppa	Hárgreiðslustofa
Leiksvæði	Sundlaug	Fatahreinsun
Opið svæði	Íþróttasvæði	Kirkja
Menningarmiðstöð	Heilsugæsla	Lögregla
Félagsmiðstöð	(Hrað)banki	Krá
Bókasafn	Pósthús	Bensínstöð
Smávöruverslun	Veitingastaður	

Fjölbreytni í verslun og þjónustu í Smáranum

Viðmið	Undir lágmarki	Lágmark	Æskilegt	Gott
Litakóði	< 70%	71-80%	81-90%	91-100%



SVÖT - greining fyrir matsþáttinn Athafnir daglegs lífs.

Staður	Vegalengd	Fjöldi íbúa	Hlutfall	Viðmiðunarflokkur
Smáráskóli	800 m	3.092	100%	gott
Leikskólinn Arnarsmári	600 m	1.419	46%	undir lágmarki
Leikskólinn Lækur	600 m	2.176	70%	undir lágmarki
Íþróttasvæði Breiðabliks	1.200 m	3.006	97%	gott
Heilsugæsla	800 m	3.092	100%	gott
Garðlönd	800 m	1.459	47%	undir lágmarki
Grenndar-gámar	500 m	2.066	67%	undir lágmarki
Leiksvæði	300 m		96%	gott
Opin svæði	400			gott
Stærri útív.sv.	2000 m			gott

Fjarlægð í nærþjónustu í Smáranum, nánari upplýsingar má finna í gátlista í viðauka.

4.2.2 Fjarlægð í nærþjónustu

Fjarlægð fyrir íbúa Smárahverfis að nærþjónustu er almennt mjög góð. Leikskólarnir, garðlönd og grenndargámar eru undir lágmarki í viðmiðum gátlistans.


4.2.3 Almenningsvagnar og fjarlægðir

Megin aðkoma í Smárahverfið er einkum frá stofnbrautunum tveimur, Hafnarfjarðarvegi og Reykjanesbraut. Um hverfið liggja tvær tengibrautir, Fífuhvamsvegur og Smárahvamsvegur. Tvær safngötur eru í hverfinu, Dalsmári og Arnarsmári. Aðrar götur í hverfinu eru húsagötur með 30 km hámarkshraða.


Biðstöðvar í Smárahverfi eru 12.

Enginn íbúi í Smárahverfi þarf að ganga lengra en 400 m í strætisvagnabiðstöð. Samkvæmt viðmiðum í gátlista telst það gott. Leiðarkerfið tengir hverfið við nærliggjandi hverfi og stórar biðstöðvar, Hamraborg og Mjódd, auk þess sem farþegar komast m.a. á eftirfarandi áfangastaði: Hamraborg, Fífuhvamm, Vatnsenda, Mjódd, Garðabæ, Grensás, Suðurlandsbraut og Hlemm. Það sem er helst ábótavant í þessum þætti er að ferðir Strætó mættu vera tíðari. Ekki eru allar biðstöðvar strætó í Smáranum með biðskýli.

Í ársbyrjun 2015 ganga strætisvagnar þrjár leiðir sem henta íbúum í Smárahverfi. Leið 2 ekur Fífuhvamsveginn í gegnum Smárahverfið en helstu



Strætisvagnleiðir sem fara um Smáran, Leið 1 Leið 4 Leið 24 Leið 2 Leið 28 Leið 35
haustið 2015.



Biðstöð og áhrifasvæði með 400 m rás

áfangastaðir á leið 2 eru Kringlan, Grensásvegur, Suðurlandsbraut og Hlemmur. Leið 24 ekur frá Grafarvogi í Mjódd, Dalveg, Smárahvammsveg og Arnarnesveg og endar leið sína í Ásgarði í Garðabæ. Leið 28 ekur um Kópavog að Mjódd, frá Hamraborg í gegnum Digraneshverfið, Smárahverfið, Fífuhvamm og Vatnsenda og endar í Mjódd. Leiðarkerfið má sjá nánar í viðauka og á heimasíðu Strætó bs.

4.2.4 Samantekt á áhrifaþættinum athafnir daglegs lífs


Fjölbreytni í verslun og þjónustu í hverfinu er mjög góð. Hlutfallslega eru fáir íbúar Smárahverfis sem falla undir viðmiðunarfjarlægðina þar sem þjónustan er öll í jaðri hverfisins. Íbúar geta sótt flest alla þjónustu í hverfinu en ákveðinn hluti íbúa er lengur en 10 mínútur að ganga/hjóla til að nýta sér þá þjónustu, miðað við 600 m viðmið. Ef litið er til víðara samhengis, alls höfuðborgarsvæðisins, þá er verslun og þjónusta í Smáranum skilgreind sem svæðiskjarni fyrir höfuðborgarsvæðið og veitir stórum hluta höfuðborgarbúa þjónustu (SSH, 2014). Strætisvagnasamgöngur í hverfinu eru almennt góðar, stutt er í biðstöðvar fyrir alla íbúa og auðvelt er að komast í Mjódd og Hamraborg til að taka aðra vagna. Börn í hverfinu geta notað strætisvagna til að komast í Íþróttahúsið í Versölum og Kórinn. Tíðni strætisvagnaferða í hverfinu mætti vera betri.

4.3 Efnahagur

Í matsþættinum *Efnahagur* eru aðstæður til atvinnureksturs og aðgengi að atvinnusvæðum fyrir viðskiptavinum metnar. Mat er lagt á fjölbreytileika landnotkunar til atvinnureksturs og tengingu almenningsvagna við stærri atvinnusvæði á höfuðborgarsvæðinu.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda starfa í hverfinu en gera má ráð fyrir því flest störf í hverfinu séu í hverfahluta S2 og S4 vegna starfseminnar sem þar er.

Fjölbreytni í verslun og þjónustu í hverfinu er mikil en það má m.a. sjá í kafla 4.2.1 um fjölbreytni en þar eru 80% af þeirri þjónustu sem gott hverfi þarf að hafa samkvæmt gátlista. Atvinnuhúsnæði í Smáranum er að meðaltali stórt. Smáralind og ípróttahúsin Smárinn og Fífan hafa mikil áhrif á meðalstærð atvinnuhúsnæðis í hverfinu.




Styrkleikar Fjölbreytt starfsemi Staðsetning Samgöngur Möguleikar á starfstækifæri í heimabyggð	S	Veikleikar Dalvegur Samgöngur, umferðarþungi	V
Ógnanir	Ó	Tækifæri Aukin uppbygging, atvinnusvæði í blandaðri byggð á suðursvæði Smáralindar	T

SVÓT - greining fyrir matsþáttinn Efnahagur.

Í Aðalskipulagi Kópavogs er verslunarkjörnum skipt í tvennt, annars vegar í bæjarkjarna og hins vegar í miðbæjarkjarna. Bæjarkjarnarnir eru minni verslunarsvæði sem eru á þremur stöðum í bænum, miðbæjarkjarninn er í Smáranum og Fífuhammi (Lindir). Áhrifasvæði bæjarkjarnanna var skoðað miðað við 800 og 1200 m radíus og ná þau að þjónusta ágætan hluta hvers hverfis. Áhrifasvæði miðbæjarkjarnans er 1000 m og nær það svæði vel yfir íbúðarsvæði í Smáranum og Lindum og þjónar þeim hverfum mjög vel með öllum þeim fjölbreytileika sem þar er.


4.3.1 Samantekt á áhrifaþættinum efnahagur

Í Smárahverfi eru aðstæður til atvinnureksturs góðar. Þar er fjölbreytt starfsemi, allt frá endurvinnslustöð til húsgagnabúða, pósthúss og lögreglustöðvar. Auk þess er stærð atvinnuhúsnæðis fjölbreytt. Staðsetning atvinnusvæðanna er góð þegar horft er til nálægðar við Reykjanesbrautina. Um Dalveginn fer mikil bílaumferð og var árið 2014 unnið að endurskipulagningu umferðar á veginum. Þessu verki er ekki lokið og er enn í vinnslu. Strætisvagnasamgöngur í Smárahverfi eru almennt nokkuð góðar. Auðvelt er að komast frá Smárahverfinu á stærstu vinnustaði á höfuðborgarsvæðinu og innan Kópavogs en fjölga má ferðum strætisvagna, sérstaklega á álagstímum og setja upp yfirbyggt hjólastæði við strætisvagnabiðstöðvar. Hjólaleiðir að stærstu atvinnusvæðunum á höfuðborgarsvæðinu eru nokkuð góðar en þar má þó gera betur og er verið að vinna áætlun samhliða þessu verkefni, 4 ára áætlun göngu- og stígakerfis. Stígakerfi á Dalvegi og hliðargötum er ábótavant og þarf að skoða það nánar. Auk þess má fjölga hjólastæðum á atvinnusvæðum, s.s. á Smáratorgi.



Áhrifasvæði bæjarkjarna, 800 og 1200 m

Fjarlægðir frá bæjarkjörnum í Kópavogi. Minni hringurinn sýnir 800 m radíus frá bæjarkjörnum, þ.e. Engihjalli, við Salavegi og Vallakór og stærri hringurinn sýnir 1200 m radíus frá bæjarkjörnum þremur. Gera má ráð fyrir að hægt sé að ganga um 800 m á 12 mín og um 1200 m á 16 mín.



Áhrifasvæði frá miðsvæði, 1000 m

Áhrifasvæði miðsvæðisins í Smáranum, 1000 m radíus frá miðsvæði. Miðsvæði er svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og edli starfsemi miðsvæðis.


4.4 Manngert umhverfi

Í matsþættinum *Manngert umhverfi* er verið að meta gæði hins manngerða umhverfis, hvað varðar öryggi, heilsu, gæði almenningsrýma, gróður, loftgæði og hljóðvist.


4.4.1 Umferðaröryggi við grunnskóla

Árlega er gerð ferðamátakönnun í grunnskólum Kópavogs. Könnunin er lögð fyrir nemendur í 1. og 7. bekk, þar sem spurt er um ferðamáta til skóla. Niðurstöður Smáraskóla sýna að nemendur í 1. bekk eru frekar keyrðir í skólann heldur en nemendur í 7. bekk, eða rúmlega helmingur nemenda í 1. bekk. Könnunin var gerð yfir vikutímabil í maí 2014. Nemendur í 5.-7. bekk Smáraskóla merktu í samráði við foreldra leiðina sem þeir ganga/hjóla í skólann, auk þess var hægt að merkja á kortið hættulega stað á leiðinni. Niðurstöður sýna að helstu hættusvæðin eru við Fífuhvamsveg og Dalsmára. Foreldrar og skólustjórnendur hafa á samráðsfundum bent á að bæta þurfi umferðaröryggi við skólann á bílastæðinu við Sporthúsið og við akstursleiðina að Fífunni og Smáranum.


1. bekkur, vor 2014




7. bekkur, vor 2014



Niðurstöður ferðamátakönnunar vorið 2014 hjá 1. og 7. bekk.



SVÓT - greining fyrir matsþáttinn Manngert umhverfi.



Helstu gönguleiðir skólabarna í Smáraskóla og hættusvæði sem þau benda á.




4.4.2 Umferðaróhöpp


Umferðaróhöpp sem áttu sér stað í Kópavogi tímabilið 2009-2013 hafa verið skráð af Umferðarstofu og gögnin unnin af Verkfræðistofunni Eflu. Á kortinu hér til hliðar hafa verið tekin út slys á vegum sem eru í umsjá Vegagerðarinnar, en það eru Arnarnesvegur, Hafnarfjarðarvegur, Nýbýlavegur og Reykjanesbraut. Þegar Smárinn er skoðaður sérstaklega er áberandi samþjöppun alvarlegra slysa, umfram þá sem umferð og hraði gefa tilefni til, við Smáralind og á Smáratorgi. Á þessum stöðum eru óhöpp á óvörðum vegfarendum algeng.

Umferðaröryggisáætlun Kópavogs var samþykkt í júní 2012. Þar kemur m.a. fram hvar hraðahindranir, gangbrautir og þrengingar eiga að vera. Eftirfarandi aðgerðir á eftir að ljúka við:

- Upphækkun gangbraut við Grófarsmára.
- Upphækkun gangbraut í Dalsmára við Arnarsmára.
- Gangbrautarskilti vantar öðru megin við gangbraut sunnanmegin við hringtorgið Fífuhammur/Dalsmári.
- Upphækkun og gangbraut vantar á tveimur stöðum á Smárahvammsvegi.
- Skoða þarf hraðahindranir í Dalsmára skv. umferðarskipulagi.



Skráð slys á tímabilinu 2009-2013 í Smáranum, slys á vegum í eigu Vegagerðarinnar eru ekki tilgreind á þessu korti.




Samánburður á umferðarflæði árið 2011 og 2013.

4.4.3 Opin svæði

Náttúrulegt gróðurfar í Smárahverfi mótaðist einkum af úthafsloftslagi og holta- og meljarðvegi. Áhrif búsetu manna og síðar þéttbýlis eru mikil og má segja að eina svæðið þar sem sjá má óraskað landsvæði sé við Skotmóa, óraskað svæði við Hafnarfjarðarveg. Í Smárahverfi eru garðar víðast hvar vel grónir og fallegir og gefur það bæjarhlutanum grænt yfirbragð. Kópavogsdalurinn er gróðursæll, með fjölbreyttum gönguleiðum um dalinn og yfir lækinn, þar liggja stígar um trjálundi og grasi gróðin svæði. Þar eru m.a. tjörn með fjölbreyttu fuglalífi, grillaðstaða, útikennslusvæði, leiksvæði, púttvöllur, skólagarðar og bekkir. Fjölbreytileika dalsins má efla enn frekar, t.d. með frísbíggolfi, þrektækjum og merktum hlaupaleiðum sem sýna vegalengd og staðsetningu hringa. Kollur Nónhæðar er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota sem samfélagsþjónusta og er ekki í eigu Kópavogsbæjar. Lúpína vex þar frjáls og er einkennandi fyrir svæðið. Nónhæðarsvæðið er opið svæði með leiksvæðum sunnan Fífuhvamsvegjar og norðan Arnarnesvegjar. Þar er útsýni mjög gott yfir höfuðborgarsvæðið í norður.

Fjarlægðir og aðgengi að opnum svæðum í hverfinu er nokkuð gott. Viðmið varðandi fjarlægðir að opnum svæðum geta verið allt frá 400 m niður í 50 m. Gæði og hlutverk opinna svæða vega hærra heldur en stærð þeirra þegar meta á stöðu opinna svæða í nærumhverfi. Stærð opinna svæða miðað við fjölda íbúa í Smáranum er $59 \text{ m}^2/\text{íbúa}$. Í þessum útreikningi er Kópavogsdalurinn ekki skipt á milli Smárans og Digraness heldur allur dalurinn í heild sinni reiknaður inn í bæði hverfin. Til samanburðar eru opin svæði í öðrum hverfum Kópavogs eftirfarandi: Kársnes: $83 \text{ m}^2/\text{íbúa}$, Digranes: $51 \text{ m}^2/\text{íbúa}$, Fífuhvammur: $283 \text{ m}^2/\text{íbúa}$ og Vatnsendi: $541 \text{ m}^2/\text{íbúa}$. Í Fífuhvammi er kirkjugarður og golfvöllur meðtalinn. Í Vatnsenda er hluti af landsvæðinu skilgreindur sem landbúnaðar- og skógræktarsvæði




Opin svæði eru skilgreind með grænum lit.




Fjölbreytt náttúra og séð yfir Kársnes.

Áhrifasvæði opinna svæða í Kópavogi, 50 m í radíus.



Áhrifasvæði opinna svæða í Kópavogi, 400 m í radíus.

Áhrifasvæði strandlengjunnar eru í öðrum lit á þessu korti.



- Opin svæði
- 50 m áhrifasvæði
- 400 m áhrifasvæði strandlengju
- 400 m áhrifasvæði




Opin svæði eru skilgreind í skipulagsreglugerð á eftirfarandi hátt: Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningastöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar (Skipulagsreglugerð nr. 90/2013).

en engu að síður talinn með í fermetra fjölda fyrir opin svæði.

4.4.4 Samgöngunet

Mikilvægt er að meta aðstæður á þeim leiðum sem hvetja til hreyfingar og aukinnar andlegrar vellíðunar. Má í því sambandi nefna vistvænar samgöngur. Gönguleiðir í hverfinu eru almennt góðar, hverfareitir S1 og S3 eru tengdir saman með umferðarljósum og undirgöngum. Innan hvers hverfareits eru göngustígar og gangstéttir. Engir aðskildir hjólastígar eru í hverfinu. Lengd göngustíga í Smáranum er um 3,5 km. Bæta þarf hjólastíga meðfram Arnarnesvegi og í gegnum hverfareit S4, milli Smárans og Fífuhvams og einnig frá undirgöngum við Smáraskóla að Hafnarfjarðarvegi. Aðkoma frá Dalvegi í þvergötur fyrir gangandi- og hjólandi er ábótavant og gera þarf sérstaka úttekt á því svæði og skoða hvernig bæta má aðstæður fyrir þennan hóp.



Hjóla- og göngustígakort Kópavogsbæjar.

Hjólastæði við stofnanir bæjarins í Smáranum eru almennt nokkuð góð.

Smáraskóli: 74 hjólastæði.

Smárinn/Fífan: 55 hjólastæði.

Leikskólinn Lækur: 6 hjólastæði.

Leikskólinn Arnarsmári: 0 hjólastæði.

Hjólastæði við verslanir og þjónustu í hverfinu mættu vera fleiri, einhver hjólastæði eru við Smáralind en mikil þörf er á hjólastæðum við Smáratorg, sunnanmegin.



Hjólastæði vel nýtt við Fífuna.


Mælst er til þess að notast frekar við hjólaboga heldur en hjólagrindur.

Ekki var gert ráð fyrir hjólastæðum í upprunalegu skipulagi fyrir íbúðarbyggðina í Smáranum en mikilvægt er að taka tillit til aukinnar reiðhjólanotkunar í nýrri deiliskipulagsgerð á þróunarsvæðum. Á þróunarsvæðinu í S4 er mikilvægt að gera ráð fyrir yfirbyggðum hjólastæðum við opin svæði, göngugötu eða biðstöðvar Strætó.

4.4.5 Grenndargámar

Í Kópavogi eru tvær tegundir af sorptunnum við hvert heimili, orkutunna sem tekur við öllu almennu heimilissorpi og pappírstunna sem tekur við öllum almennum pappa. Grenndargámastöðvar eru 13 í sveitarfélaginu, þar er ýmist hægt að losa sig við pappa, plast, dósir og föt. Í Smáranum er ein grenndargámastöð við Dalsmára og endurvinnslustöð Sorpu við Dalveg. Grenndargámastöðin er vel staðsett í hverfinu, gott aðgengi og fjölfarin leið. Ef uppbygging fer af stað á suðursvæði Smáralindar þarf að bæta við grenndargámastöð á því svæði ef miðað er við 500 m radíus í áhrifasvæði eða vera með aðrar lausnir sem hvetja til aukinnar flokkunar.

Mikilvægt er að sveitarfélagið fræði íbúa um mikilvægi flokkunar og hvernig sé best að flokka heimilissorp.



Ein grenndargámastöð er í Smáranum, áhrifasvæði hennar er 500 m radíus.



Grenndargámastöð í Smáranum er við Smáaskóla, þar er tekið við plasti, pappa og fötum í fatagám Rauða kross Íslands.

4.4.6 Hávaðamælingar



Árið 2013 reiknaði og kortlagði Verkfræðistofan Efla hljóðstig í Kópavogi. Markmið kortlagningarinnar er að kortleggja og meta hávaða og leggja grunn að aðgerðum til að draga úr ónæði og truflunum af völdum hans. Í kjölfar útreikninga á hljóðstigi var unnin *Aðgerðaáætlun gegn hávaða í Kópavogi*. Horft er til þeirra svæða þar sem umferðarhávaði veldur íbúum verulegu ónæði og reiknast yfir $L_{den} = 65$ dB, t.d. á stöðum þar sem byggð er í nágrenni við stofnbrautir. Íbúðarbyggðin í Smáranum er að stærstum hluta undir þessum viðmiðum. Sú byggð sem er næst fjölförnum umferðargötum, s.s. Fífuhammsvegi, Smárahvammsvegi, Arnarsmára, Digranesvegi og Dalsmára, hlýtur eitthvert ónæði af umferðarniði. Búið er að koma upp hljóðmönnum og hljóðvarnargirðingum við fjölförnustu göturnar til að skerma af mesta hávaðann.

Hæðir húsa

Hús í hverfinu eru mismunandi há. Neðst í Kópavogsdalnum er blanda af lágreistum rað- og parhúsum og hækka svo húsin eftir því sem þau færast ofar í hæðina. Austan megin í hverfinu eru hærri hús sem mynda að hluta til skjól fyrir lægri byggð. Verslunar- og þjónustubyggingarnar í S2 og S4 eru misháar. Gera má ráð fyrir að lofthæð hvernar hæðar sé í kringum 2,7 m með gólfplötu.



Hljóðkort, reiknaður umferðarhávaði 2012.



Hæðir húsa í Smáranum


0 - 2 hæðir	3 - 4 hæðir	5 - 6 hæðir	7 - 8 hæðir	9+ hæðir
-------------	-------------	-------------	-------------	----------

4.4.7 Bæjargötur með götugróðri

Tvær bæjargötur eru í Smáranum, Dalsmári og Arnarsmári. Þar er götugróður áberandi og hluti af einkennum hverfisins. Smárahvammsvegur hefur möguleika á að verða bæjargata þegar uppbygging fer af stað á suðursvæði Smáralindar. Með trjágróðrinum verður svæðið fallegra auk þess sem hann hefur þau áhrif að það hægir á umferðinni með því að þregja sjónsvið ökumanna. Bæjargötur eru m.a. með áherslu á götutré, hjólastíga og götugögn.



Dalsmári og Arnarsmári, hverfagötur með götugróðri sem er mikil þrýði fyrir hverfið.



Uppbygging Smárans.



Uppbygging í Smáranum 1992.


4.4.8 Samantekt á áhrifaþættinum manngert umhverfi

Hverfið er ríkt af fjölbreyttum útivistarsvæðum og aðstæður til að nota vistvæna samgöngumáta í hinu daglega lífi eru góðar, s.s. að hjóla eða að ganga, þar sem stutt er í fjölbreytta þjónustu. Staðsetning hverfisins í miðju höfuðborgarsvæðisins er góð og ljóst er að hverfið nýtur góðs af allri þeirri þjónustu sem þar er. Götugróðurinn í hverfinu gefur Smárahverfi mikinn svip. Við skipulagningu nýrra hverfa megum við vera duglegri að notast við götugróður í nýrri hverfum og í nýrri deiliskipulagsvinnu.

Huga má að bættu umferðaröryggi við Smáraskóla og skoða þarf nánar orsakir umferðarslysa við Smáralind, Smáratorg og Dalveg. Með breikkun á stígum skapast betri aðstæður fyrir fjölbreyttari hópa til útivistar og samgangna. Með því að styrkja þau opnu svæði sem eru í hverfinu og með því að efla afþreyingu fyrir bæjarbúa skapast aðstæður til aukinnar hreyfingar og útivistar sem hentar fleiri bæjarbúum. Mikilvægt er að auka almenna flokkun á heimilissorpi, bæta við grenndargámum á fjölförnum stöðum í Kópavogi og fræða íbúa almennt um mikilvægi flokkunar.


4.5. Náttúrulegt umhverfi

Í matsþættinum *náttúrulegt umhverfi* er skoðuð virðing fyrir náttúru og viðhaldi vistkerfa. Þar sem náttúrulegt umhverfi skiptist ekki á milli hverfa verður hér horft á heildina, allan Kópavog og Smárahverfið.




4.5.1 Vistvæn viðmið í skipulagi

Í Smárahverfi eru skilgreind tvö þróunarsvæði, annars vegar suðursvæði Smáralindar og hins vegar Dalvegur nr. 20-28. Skipulag fyrir suðursvæði Smáralindar er á vinnslustigi en þar er gert ráð fyrir blandaðri byggð. Á báðum svæðunum er gert ráð fyrir uppbyggingu á röskuðu iðnaðarsvæði eða vannýttu svæði innan byggðarinnar. Í nýju aðalskipulagi Kópavogs er skýrt tekið fram að áherslur skuli vera á vistvænar lausnir, s.s. almenningsamgöngur, hjólastíga og opin svæði og því má gera ráð fyrir að horft verði til þessara þátta í skipulagsvinnunni. Á Dalvegi verður áfram unnið að því að bæta umferðarskipulag í götunni en þar fer mikill fjöldi bíla um á degi hverjum, auk þess sem þar er þörf á að bæta aðstæður fyrir gangandi og hjólandi.



SVÓT - greining fyrir matsþáttinn Náttúrulegt umhverfi.



Þróunarsvæði í Smáranum skv. Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. ■ Þróunarsvæði

4.5.2 Verndarsvæði og náttúruminjar


Í Smárahverfi er eitt hverfisverndað svæði, Engjaborg. Þar var landamerki jarðanna Kópavogs, Digraness, Fífuhamms og Arnarness. Nafnið bendir til þess að fjárborg og/eða beitarhús hafi staðið þar. Engjaborg er hringlaga rúst með 2-3 metra breiðum veggjum og út frá henni ganga leifar gerðis sem er um 1 metri á breidd og 0,3 metrar á hæð. Í Kópavogsdalnum eru bæjarverndaðir trjálundir, milli Reynihvamms og Digraneskirkju. Þar má finna þrjá af elstu trjálundum bæjarins. Þeir eru dæmi um ræktun á sumarbústaðarlöndum fyrir upphaf þéttbýlismyndunar í Kópavogi. Aðrar minjar í Kópavogi má sjá á minjakorti Kópavogs og Minjaskrá Kópavogs í viðauka. Auk þess má nefna Skútaklett, sem er stór landamerkjasteinn norðan í Nónhæð. Í steininn eru klappaðir stafirnir LM (landamerki).

4.5.3 Útikennslusvæði


Tvö útikennslusvæði eru í Kópavogsdal. Annað er í Lækjarnesi, sem er gamall trjálundur neðan við bílastæði Digraneskirkju. Þar rétt hjá er búið að koma fyrir bekkjum og grillaðstöðu sem einnig nýtist við útikennslu. Náttúra Kópavogsdals býður upp á fjölbreyttar aðstæður til útináms og fróðleiks fyrir leik- og grunnskólabörn í Smáranum.



Eitt af útikennslusvæðunum í Kópavogsdal, fyrir neðan bílastæði Digraneskirkju.



Engjaborg er eina hverfisverndaða svæðið í Smáranum.



Fjölmörg útikennslusvæði má finna í Kópavogi, þar af tvö í Kópavogsdalnum

Önnur útikennslusvæði í Kópavogi má sjá í viðauka.

4.5.4 Trjárækt

Í Kópavogsdal eru nokkrir gróskumiklir, gamlir trjáreitir sem eiga rætur sínar að rekja til þess tíma er sumarbústaðabyggð setti svip á dalinn og hlíðina. Trjáreitir í Lækjarnesi við Digraneskirkju, og við Dvöl og Barmahlíð vestan kirkjunnar, eru undir bæjarvernd og hefur þar verið sett upp fróðleiksskilti. Trjárækt í Kópavogsdalnum hefur verið aukin jafnt og þétt og fyrirhugað er að auka enn frekar trjárækt í dalnum á næstu árum. Annar trjágróður í Smáranum er allur tilkominn eftir u.þ.b. 1992.

4.5.5 Fuglalíf

Fuglatalning í Kópavogi (voginum) og á neðsta hluta Kópavogslækjar var gerð árið 2013. Talsverð breyting hefur verið á fuglalífi Kópavogs á rúmum þremur áratugum.

Í skýrslunni *Fuglalíf í Kópavogi 2013* segir eftirfarandi: „Andfuglum fjölgaði eða þeir stóðu í stað. Margæs er nú reglulegur vöggestur en sést jafnframt á haustin. Álft, grágæs, rauðhöfðaönd og toppönd fjölgaði, meðan stökkönd og æðarfugl stóðu í stað að mestu. Flestum vaðfuglum fækkaði, sérstaklega heiðlóu, rauðbrystingi, sendlingi og lóupræl, en minna sandlóu og tildru. Tjaldi fækkaði fram til 1997, en síðan stóð hann í stað. Sömuleiðis voru litlar breytingar á tölu stelka. Jaðrakan fjölgaði síðsumars, hann sást varla í fyrri talningum. Litlar breytingar urðu í fjölda hettumáfa, meðan sílamáfi, hvítmáfi og krú hefur fækkað. Stari stendur í stað, aðrir spörfuglar eru það sjaldgæfir að ekki er grundvöllur til að vera með vangaveltur um stöðu þeirra. Nýr landnemi, svartþröstur, hefur þó stungið upp kollinum við voginn.



Seldalur.



Kópavogstjörn í Kópavogsdal

Algengustu fuglar á neðsta hluta Kópavogslækjar (Kópavogstjörn) voru í tíðniröð: stökkönd, grágæs, sílamáfur, hettumáfur, álfur og stari. Aðrir fuglar voru sjaldgæfir. Fuglar hafa ekki verið taldir fyrr á Kópavogslæk, svo samanburðartölur eru ekki til en umhverfi þar er gjörbreytt frá því sem það var á árum áður.

Kópavogsleira er ein af stærstu leirum á Innnesjum og hefur lengi verið kunn fyrir ríkulegt fuglalíf. Hún er ein af stærstu leirum á svæðinu sem hafa að mestu sloppið við framkvæmdir og annað brölt. Kópavogur hefur nú verið friðlýstur. Vogurinn er í tveimur sveitarfélögum og var Garðabæjarhlutinn friðlýstur 2009 og Kópavogshlutinn 2012. Slík náttúruperla í þéttbýli býður upp á ófáa möguleika til fræðslu og kynningar á fjölbreyttu fugla- og smádýralífi." (Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson, 2014).

4.5.6 Umhverfisviðurkenningar

Frá árinu 1964 hefur Kópavogsbær veitt viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi, fallegustu garða eða lóðir bæjarins og framlag til umhverfismála. Þrisvar sinnum hafa götur í Smárahverfi fengið viðurkenningu sem gata ársins auk þess sem einstök hús eða lóðir hafa fengið viðurkenningu.

- Framlag til umhverfismála: Smáraslóli (2013).
- Frágangur húss og lóðar á nýbyggingarsvæðum:
 - Lindasmári 44-54 (1995).
 - Eykasmári 1 (1996).
 - Lækjarsmári 66-78 (1997).

- Hönnun:
 - Bergsmári 7, hönnuður Oddur Víðisson (1998).
 - Hlíðarsmári 11, hönnuður Guðmundur Gunnlaugsson (2000).
 - Smáralind, hönnuðir BDP og Arkitektar Skógarhlíð ehf (2002).
 - Stúkan við Kópavogsvöll , hönnuðir Jón Hrafn Hlööversson, Sigurður Hafsteinsson og Vífill Björnsson (2008).
- Gata ársins:
 - Lækjarsmári 2-8 (2003).
 - Brekkusmári (2009).
 - Bollasmári (2012).
 - Lindasmári 18-54 (2013).

4.5.7 Samantekt á áhrifaþættinum náttúrulegt umhverfi

Í Kópavogsdal er mikil virðing borin fyrir náttúru og fuglalífi og nýta skólarnir og íbúar sér aðstöðuna þar reglulega til fróðleiks og skemmtunar. Svæðið er eitt mest notaða útivistarsvæðið í Kópavogi. Þar geta íbúar kúplað sig út úr erli dagsins og hlaðið batteríin í fallegu umhverfi Kópavogsdalsins. Í aukinni uppbyggingu í hverfinu verður horft til þess möguleika að byggja á þegar röskuðum svæðum en ekki verði gengið á náttúruleg óröskuð svæði.

5. Kynning og samráð

Samráð við íbúa og hverfaráð er mikilvægur þáttur í þessu verkefni. Það eru íbúar sem eru notendur hverfisins og geta upplýst starfsmenn bæjarins um eiginleika, kosti og galla þess. Í viðauka eru lagðar fram ábendingar frá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum sem komu fram á meðan hverfisáætlun Smárans var unnin. Samráð var einnig haft við umhverfis- og samgöngunefnd, skipulagsnefnd og menntasvið.

6. Framtíðarsýn og áherslur

Smárinn er gróið hverfi með fallett heildaryfirbragð verslunar og þjónustu, útivistar- og íþróttasvæði svo eitthvað sé nefnt. Eftir að hafa fundað með íbúum, hverfaráðum og íbúasamtökum, vinna greiningarvinnu og fara yfir gátlista var staða hverfisins metin og lagðar fram framtíðaráherslur og framtíðarsýn hverfisins til að ná settum markmiðum um vistvænt og lýðheilsuvænt hverfi.

Þegar sótt er um breytingu á deiliskipulagi í hverfinu, ekki síst á þróunarsvæðum er mikilvægt að horfa til þeirrar stefnu sem sett er fram í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.

Að byggð verði bæði fjölbreytt og falli vel að umhverfi sínu, að samspil gatna, torga, garða og bygginga sé gott og að yfirbragði byggðar skuli ekki raskað, þ.e. að gætt sé samræmis hvað varðar götummynd, hlutföll bygginga og byggingarstíls.

Í stefnu aðalskipulagsins um íbúðarbyggð segir:

Að hver bæjarhluti verði aðlaðandi, sérkenni hans njóti sín og hafi miðkjarna ef þess er kostur. Að byggð verði fjölbreytt og falli vel að umhverfinu.

- Í allri nýrri skipulagsvinnu skal stefnt að byggðarmynstri sem byggir á samspili gatna, torga, garða og bygginga.

Fyrirhugaðar breytingar, á einstökum lóðum eða hluta götureita í eldri hverfum bæjarins, skulu ekki raska yfirbragði aðliggjandi byggðar þar sem m.a. er gætt samræmis hvað varðar götummynd, hlutföll bygginga og byggingarstíl.

- Stuðla skal að verndun og viðhaldi þess menningarsögulega arfs sem

fólginn er í sögu og þróun byggðar í Kópavogi á þann hátt að einstök hús, húsaðir og götumyndir verði vernduð með hverfisvernd.

- Við skipulag byggðar verði leitast við að jafna dreifingu aldurs- og þjóðfélagshópa.
- Á íbúðarsvæðum verði heimil minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu.

Það er markmið þessa verkefnis að fara yfir stöðu hverfisins með íbúum og setja framtíðarsýn. Hér eru lagðar fram hugmyndir að betrubótum í hverfinu sem ýta undir bættu lýðheilsu og vistvæn hverfi. Að hverfið verði góður staður til búsetu, frá vöggv til grafar.

Stuðla má að bættri andlegri og líkamlegri heilsu fólks, m.a. með góðum göngu- og hjólaleiðum og skapa gott aðgengi að útivistar- og íþróttasvæðum.

Áherslurnar, sem verða kynntar hér á eftir, taka tillit til þessara þátta.

Leiðir að góðu Smárahverfi þar sem gott er að búa:

- **Smáraskóli:** Fjölbreyttari skólalóð með tækjum fyrir alla aldurshópa sem hvetur til aukinnar hreyfingar og útivistar. Bætt umferðaröryggi við Smáraskóla: Bílastæði fyrir fatlaða, snúningshaus fyrir framan skólann, gangbraut frá skólalóð að stíg meðfram gömlu Kópavogsstúkunni. Ljúka frágangi á malarsvæði á milli Smáraskóla og Smárans. Sömuleiðis er ófrágengið bílastæði milli Smáraskóla og Sporthússins.
- **Hjólastígar:** Fjölga, bæta og breikka hjólastíga í hverfinu. Meðfram Arnarnesvegi, í Kópavogsdalnum, við Dalveg og Nónhæð. Bæta stígatengingu á milli Smárans og Lindahverfis (sjá nánari samantekt frá Bjarka Má Benediktssyni, sumarúttekt 2014). Unnið í samræmi við 4 ára

hjólaáætlun Kópavogs.

- **Opin svæði:** Auka fjölbreytileika, t.d. hreystigarð og þrekkæki, frísbíggolf, fróðleiksskilti um hlaupaleiðir og þrekæfingar - slíkt bætir lýðheilsu og hvetur til aukinnar útiveru og hreyfingar. Hlaupaleiðir frá Fífunni, Kórnum og sundlaugum kynntar íbúum. Fróðleiksskilti sett upp um örnefni í Kópavogsdal. Ópið svæði frá hringtorgi á Arnarsmára að Fífuhvammsvegi: Eitt leiksvæðanna í brekkunni er ólokið.

- **Dalvegur:** Bæta aðgengi fyrir hjólandi- og gangandi á Dalvegi, t.d við Lögreglustöðina og pósthúsið. Hjólástígur meðfram Dalvegi gæti verið möguleiki.

- **Kópavogsdalur:** Aukin trjárækt, skoða möguleikann á 17. júní – svæði, endurgerð og breikkun stíga. Bæta lýsingu meðfram stígum.

- **Umferðaröryggisáætlun:** Ljúka því sem er eftir skv. henni. Örug og góð samgöngumannvirki stuðla að vistvænum samgöngum. Umferðaröryggi við Dalsmára, þarf að endurskoða. Skapa þarf öruggara umhverfi fyrir gangandi vegfarendur.

- **Smárinn og Fífan:** Svæðið sunnan við Fífuna og grasvellina er ófrágengið

- **Strætóbiðstöðvar:** Athugasemdir frá Strætó bs.

Smáratorg - norðanmegin við götu. Óskað er eftir að rennan verði lengd svo tveir 12 m vagnar komist fyrir og um leið sett hellulögn til samræmis.

Fífuhvammsvegur - við hringtorgið Dalsmára. Óskað er eftir að gangbrautin verði færð aftur fyrir biðstöðina eða biðstöðin fram fyrir gangbrautina.

Smárahvammsvegur við Hlíðarsmára. Óskað er eftir biðskýli við biðstöðina. Þarna er mjög vindasamt.

- **Strætisvagnasamgöngur:** Skoðaður verði sá möguleiki að hafa hraðleið milli Vatnsenda og Hamraborgar sem tengir m.a. Menntaskólann í Kópavogi við efri byggðir. Það skapar um leið betri aðstæður fyrir börn og unglunga til að nota almenningsvagna til að komast í og úr tómstundum.

- **Aukin flokkun á heimilissorpi:** Aukin fræðsla fyrir íbúa á endurvinnslu sorps, auka flokkun á grenndargámastöðvum eða á heimilum. Grenndargámastöðvar verði gerðar snyrtilegri með skjólveggjum og gróðri.

- **Garðlönd:** Aukin fræðsla og kynning - það auðveldar og hvetur íbúa frekar til ræktunar á eigin grænmeti sem er umhverfvænt og bætir lýðheilsu. Aukin fræðsla getur líka haft áhrif á ræktun grænmetis á leikskólalóðum. Getur t.d. verið í samstarfi við Garðyrkjufélag Íslands.

Umhverfissvið skoði í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Náttúrufræðistofu Kópavogs hvort þörf sé á og þá hvernig vernda eigi andarunga á vorin fyrir máfum. Einnig er mikilvægt að kynna fyrir gestum og íbúum að ekki eigi að brauðfæða endurnar yfir sumartímann.

Hugmyndir að ýmsum útfærslum sem geta bætt umhverfið og skipulag hverfisins.

Fjölbreytt og metnaðarfull opin svæði og leiksvæði/dvalarsvæði fyrir alla aldurshópa auka útiveru og skapa góða umgjörð utan um daglegt líf íbúa. Það er í hversdagsleikanum sem skiptir mestu máli að íbúar fái þá hreyfingu og hvíld sem þeir þurfa, bæði líkamlega og andlega. Með þessum hugmyndum viljum við bæta þessa daglegu umgjörð utan um líf íbúa, heilsu þeirra og umhverfi til góða.

Yfirbyggðar hjólagrindur á fjölförnum biðstöðvum Strætó. Viðurkenndar hjólagrindur bæta aðstæður fyrir hjólréiðafólk og verða um leið hvatning fyrir íbúa að nota hjól.

Fjölbreytt, aðlaðandi og vel hannað göturými skapar aðstæður þar sem fólk er líklegra til að dvelja í rýminu, njóta útiveru og hitta annað fólk. Því er samspil gatna, torga, garða og bygginga stór þáttur í skipulagsvinnu suðursvæðis Smáralindar.

Góðir göngu- og hjólastígar sem tengja saman svæði og hverfi, verði aðgengilegir, öryggir og víðfeðmir.

Götugróður og láréttar hraðatakmarkanir geta hægt á umferð þar sem mikið er um börn og gangandi vegfarendur og skapað öruggari aðstæður um leið. Huga þarf að plássi fyrir gróðurinn, s.s. rætur og krónu.

Myndirnar hér til hliðar sýna dæmi um mögulegar útfærslur á t.d. hjólastígum, leiksvæðum barna og fullorðna og stígamerkingar.



<http://www.monstrum.dk/>



Citylab.com



<http://www.west8.com> (Bridge Vlaardingse Vaart)



Landmótun



<http://www.norwell.dk/>



Á samráðsfundi með íbúum og hverfaráðum kom fram að íbúar í hverfinu eru almennt ánægðir með hverfið sitt. Þar eru góð opin svæði, fjölbreytt þjónusta og stutt í stofnbrautir. Það helsta sem íbúar lögðu áherslu á var umferð og samgöngur. Þegar skoðaðar eru deiliskipulagsbreytingar fyrir hverfið má greinilega sjá að ekki hefur verið sótt um miklar breytingar á íbúðarbyggðinni sem bendir til þess að deiliskipulagsskilmálarnir þjóni íbúðarbyggðinni að mestu og að íbúar eru almennt sáttir.

Fólk vill hafa hverfið sitt aðlaðandi, öruggt og með góðu aðgengi auk fjölbreyttrar þjónustu. Mörg heilufarsvandamál nútímans tengjast lífsstíl og lítilli hreyfingu. Með því að huga að þessum þáttum í skipulagsgerð er hægt að skapa góð hverfi og hafa bein áhrif á heilbrigði og velferð íbúa. Rannsóknir hafa sýnt að skipulag byggðar og umhverfis í þéttbýli geti haft áhrif á útiveru, hreyfingu og heilbrigðari lífnaðarhætti íbúa.

Segja má að skipulag Smárans hafi frá upphafi uppfyllt þessa þætti að mörgu leyti. Það er stutt í stór útivistarsvæði, þjónusta í hverfinu er fjölbreytt og suðursvæði Smáralindar býður upp á aukna þéttingu í hverfinu á röskuðu svæði. Fjölbreytileiki byggðarinnar býður upp á það að hægt er að flytja sig til innan hverfisins, hvort sem það er til að stækka eða minnka við sig.

Þeir þættir sem má bæta í hverfinu og þarf að huga að eru umferðarmannvirki vegna aukinnar þéttingar, umferðaröryggi og umferðarhávaði, ásamt bættum tengingum yfir í Lindir sem stuðla að vistvænum samgöngum. Það sem þarf helst að huga að á suðursvæði Smáralindar er millistærð íbúða fyrir fjölskyldufólk og ungt fólk. Hugað þarf að fjölbreytileika í húsnæði og góðri aldursdreifingu.

Í eldri hverfum bæjarins hefur fyrirspurnum um fjölgun bílastæða á lóð aukist undanfarin ár, hvort sem það er á einbýlis- eða fjölbýlishúsalóðum. Slíkar fyrirspurnir hafa ekki verið margar í Smárahverfi. Gott er að hafa í huga að auka ekki þveranir á gangstéttum að óþörfu og taka ekki út gestabílastæði í stað stæða á lóð þó svo að meta þurfi aðstæður hverju sinni.

Í gildandi Aðalskipulagi Kópavogs kemur eftirfarandi fram:

„Komi fram óskir um breytingar í núverandi byggð, hvort sem hún er deiliskipulögð eða ekki, skal liggja fyrir greinargerð með skýringarmyndum þar sem ítarlega er greint frá mögulegum áhrifum breytingarinnar á þá byggð sem fyrir er. Einkum skal horft til hluta eins og hvernig breytingin fellur að aðliggjandi byggð og yfirbragði hverfisins hvað varðar stærð og hlutföll, umferð, bílastæðapörf, útsýni og skuggamyndun.

Þegar óskað er eftir breytingum skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal:

- Byggingarmagn á lóð, hvort sem um er að ræða nýbyggingu eða aukið nýtingarhlutfall á lóð að jafnaði ekki vera hærra en meðaltalsnýtingarhlutfall nærliggjandi húsa.
- Hæð húsa eða mannvirkja skal að jafnaði ekki vera hærri en sú lína sem dregin er milli þeirra húsa í götunni sem eru sitt hvoru megin við.
- Lega og form byggingarreits skal að jafnaði liggja innan línu sem dregin er milli húsa sitt hvoru megin við.

Huga skal m.a. að þessum þáttum við skipulagsvinnu í hverfinu.

Mikilvægt er að fylgjast með þróun hverfa, sbr. ferðamátakannanir, þétting byggðar og áhrifasvæði verslunar og þjónustu og opinna svæða.

Í skipulagsgerð er einnig mikilvægt að huga að góðri staðsetningu skóla, þannig að ungir vegfarendur þurfi sem minnst að fara yfir götur. Það sýnir sig í Smárahverfi hvað götugróður getur gert mikið fyrir umhverfið. Með því að gera ráð fyrir götugróðri í skipulagsuppdráttum og setja sem kvöð í skipulagsskilmála strax í upphafi erum við að skapa falleg gróin hverfi. Einnig er mikilvægt að gera kröfu um gæði útivistarsvæða strax í upphafi. Nýlegar rannsóknir sýna að opin svæði eiga að vera innan við 50 m frá heimili og að áhersla sé lögð á gæði og aðgengi frekar heldur en stærð svæðanna. Á opnum svæðum fá íbúar tækifæri til leikja, félagslegrar samveru, ræktunar, náttúrulegrar og menningarlegrar upplifunar. Þessi svæði falla undir daglega notkun og á þeim ætti að gera ráð fyrir bekkjum, borðum, sorptunnum og leiktækjum (fyrir alla aldurshópa). Svæðin eiga að vera fjölbreytt og skapa fjölbreyttar upplifanir.



7. Framkvæmdaáætlun og forgangsröðun verkefna

Með framkvæmdaáætlun eru leiðir útfærðar til að ná þeim markmiðum sem sett voru fram í byrjun þessarar hverfisáætlunar. Framkvæmdaáætlun er háð fjárveitingum hvers árs.

Áfangi I	Áfangi II	Áfangi III	Áfangi IV
<ul style="list-style-type: none">● Bæta umferðaröryggi við Smáraskóla.● Hjólastígur í Kópavogsdal færður að hluta meðfram Fífuhvammi.● Vegvísun á stígum, t.d. við undirgöng í Kópavogsdal.● Ljúka umferðaröryggisáætlun fyrir Smárann.● Hvetja eigendur á Smáratorgi og Smáralind til að setja upp fleiri hjólastæði og bæta aðkomu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.● Fjölga hjólastæðum sunnan við Smáraskóla og við Kópavogsvöll.● Fjölga, endurnýja og yfirfara ruslatunnur í Kópavogsdalnum og á fleiri stöðum í hverfinu.	<ul style="list-style-type: none">● Breikkun á stígakerfi í Kópavogsdal og sér hjólastígar gerðir. Bæta lýsingu.● Tenging yfir Smárahvammsveg fyrir gangandi og hjólandi umferð.● Hjólastígur frá Garðabæ að Fífuhvammsvegi bættur, annað hvort í gegnum miðsvæði eða meðfram Smárahvammsvegi. Eða aðrar leiðir skoðaðar.● Hjólastígur meðfram Arnarnesvegi, Vegagerðin er veghaldari.● Bæta aðgengi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur við Dalveg.● Smáraskóli: Fjölbreyttari leiksvæði fyrir alla aldurshópa.● Ábendingar frá Strætó bs. v. biðstöðva.● Heildarskipulag fyrir Kópavogsdal.	<ul style="list-style-type: none">● Kópavogsdalur: gróðursetning, bæta við áningarstöðum með afþreyingarmöguleika fyrir börn og fullorðna. Þrekkæki og fróðleiksskilti.● Ferðamátakönnun í Kópavogi á 4 ára fresti, fyrir alla samgöngumáta, við endurskoðun aðalskipulags.● Uppbygging á suðursvæði Smáralindar.● Arnarnesvegur.● Göngu- og hjólabrú yfir Reykjanesbraut, til að tengja saman nýju hverfin.● Opið svæði vestan við Grundarsmára.	<ul style="list-style-type: none">● Uppbygging á suðursvæði Smáralindar.

1. Hjólastígur meðfram Skotmóa (v. Fífuhvamsveg).
2. Gangbraut yfir bílastæði við Fífuna.
3. Frágangur á malarsvæði milli Smáraskóla og Smárans.
4. Lýsing á göngustíg austan við gömlu stúkuna.
5. Malbika stíg sem liggur frá Sporthúsinu að Smárahvammsvelli.
6. Frágangur bílastæða við Dalsmára.
7. Bæta aðgengi fyrir hjólandi og gangandi á Dalvegi og hliðargötum.
8. Skoða tengingar á milli Smárans og Linda fyrir gangandi og hjólandi.



-
9. Vantar hjólastíg frá Smáralind að Arnarnesvegi (norður-suður).
 10. Vantar hjólastíg meðfram Arnarnesvegi.
 11. Vantar göngustíg norðan- og vestanmegin við Nónhæð.
 12. Opið svæði vestan við Grundarsmára.
 13. Gangbraut og upphækkun vantar við Dalsmára/Arnarsmára.
 14. Gangbrautarskilti vantar við útakstur frá Fífuhvammsvegi að Dalsmára í suðurátt.
 15. Gangbraut og upphækkun vantar í Grófarsmára.
 16. Tvær gangbrautir með sebra og miðeyju vantar á Smárahvammsveg.
 17. Bæta aðstæður við undirgöng undir Fífuhvammsveg við Smáraskóla, handrið, lýsing og spegill.
 18. Arnarsmári til vesturs - athugað verður með að fjölga hraðahindrunum og setja gangbraut ofar í götunni.
 19. Athugað verður með að gróðursetja við Arnarnesveg til skjólmyndunar.
 20. Aukin uppbygging og gróðursetning í Kópavogsdal sem hvetur til aukinnar hreyfingar og útivistar hjá bæjarbúum, t.d. bekkir, lýsing og þrektæki.
 21. Bæta tengingu frá Nónhæð yfir í Smáralind.
 22. Auka fræðslu til íbúa um flokkun á sorpi og ræktun á grænmeti.
 23. Hvetja íbúa til að ganga eða hjóla á viðburði á vegum bæjarins eða íþróttafélaga, t.d. á 17. júní hátíðarhöld, sumardaginn fyrsta og íþróttaviðburði.

Dæmi um mögulegar úrbætur:



1. Gangbraut frá skólalóð yfir að gömlu stúkunni. Lýsing á göngustíg meðfram gömlu stúkunni. Endurskipuleggja þarf bílastæði við Sporthúsið.
2. Hjólastíg vantar meðfram Arnarnesvegi.
3. Bæta þarf aðkomu gangandi og hjólandi frá undirgöngum að Smáralind.
4. Klára frágang á stígum við Sporthúsið.
5. Gangstétt er ókláruð.
6. Gangstéttir frá Dalvegi að fyrirtækjum er ábótavant.
7. Ljúka við frágang við inngang gömlu stúkunnar á Kópavogsvelli og koma fyrir lýsingu.
8. Malbika frá strætóbiðstöð við Smárahvammsveg að göngustíg við Dalsmára/Gullsmára.
9. Vantar gangbraut yfir Smárahvammsveg hjá Arnarnesvegi.
10. Gangbraut vantar á Smárahvammsveg ofanverðum, við Hlíðarsmára yfir að F-smárum.
11. Tvöföldun á stígakerfi í Kópavogsdalnum fyrir sér hjólastíga.

8. Heimildaskrá

AdaptiveStreets.Strategiesfortransformingtheurbanright-of-way(2014). Seattle, Washington.

H. Barton, M. Grand og R. Guise. (2010). *Shaping Neighbourhoods. For local health and global sustainability*. 2nd edition. London, United Kingdom.

Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson (2014). Fuglalíf í Kópavogi 2013. Unnið fyrir Umhverfissvið Kópavogsbæjar og Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Saga Kópavogs. Saga lands og lýðs á liðnum öldum. Safn til sögu byggðarlagsins. I bindi. Ritstjóri Adolf J. Petersen (1990).

Saga Kópavogs. Frumbyggð og hreppsár. 1935-1955. Safn til sögu byggðarlagsins. II bindi. Ritstjóri Adolf J. Petersen (1983).

Skipulagsstofnun, skipulagsvefjsá.

Vefslóð: <http://www.skipulagsstofnun.is> (sótt í mars 2014).

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Sveitin mín – Kópavogur. Frásögn bekkjarsystkina. Ritstjóri: Helga Sigurjónsdóttir (2002). Skóli Helgu Sigurjónsdóttur.

Tillaga að nýju svæðisskipulagi. Höfuðborgarsvæðið 2040. (2014) Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH.

Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.husfridun.is> (sótt í mars 2014).

Þjóðskrá Íslands, 2015. Vefslóð: <http://fmr.is>

Auk þess var höfð til hliðsjónar skýrsla Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, *Umhverfismat tillögu að svæðisskipulagi. Mat á sviðsmyndum um þróun nýrrar byggðar* ásamt gátlista Reykjavíkurborgar sem var útbúinn fyrir sambærilegt verkefni og þetta.

Mynda- og kortaskrá

Adaptive Streets (2014). Vefslóð: www.gehlarchitects.com (sótt í júlí 2014).

Adolf J. Petersen (1983). Saga Kópavogs. Frumbyggð og hreppsár. 1935-1955. Safn til sögu byggðarlagsins. II bindi. Ritstjóri Adolf J. Petersen.

ARK STUDIO / URBAN ARKITEKTAR (2015).

Ársskýrsla Kópavogsbæjar, 1991-1994. Kópavogsbær.

Bridge laardingse Vaart. Vefslóð: <http://www.west8.com> (sótt í maí 2014).

Cities for People, 2013. Jan Gehl.

Citylab.com (sótt í maí 2014).

Friðrik Baldursson.

Hjólaborar við Laugarlækjarskóla. Landmótun 2014.

Kortavefsjá Kópavogs 2014.

Loftmyndir af Kópavogi eru í eigu Kópavogsbæjar.

Monstrum.dk Vefsíða: www.monstrum.dk (sótt í maí 2014).

Skipulagsuppdrættir Aðalskipulags Kópavogs, uppdrættir frá 1969 - 2012.

Skipulagsuppdrættir í eigu Kópavogsbæjar.

Skúli Skúlason. Héraðsskjalasafn Kópavogs. Afh. 72/2005.

Sólveig H. Jóhannsdóttir.



Samantekt úr samráði við íbúa.

Hér má finna gögn sem bárust úr ábendingakerfi verkefnisins, ábendingar frá hverfaráðsfundum og íbúasamtakafundum, nemendaráði Smáraskóla og að lokum er samantekt frá samráðsfundi í Smáraskóla frá nóvember 2014.

Hvað er Smárahverfi? hvernig lýsa íbúar sínu hverfi?

- „Frábært hverfi, vonast til að geta búið í því alla ævi.“
- Friðsælt.
- Mikil útivist og útivera.
- Mikill hæðarmunur.
- Mikið af fólki.
- Rólegt.
- Þægilegt.
- Vínalegt.
- „Eins og lítill bær“.
- Gott að vera barn í hverfinu.
- Þægilegt að rata í hverfinu.

Smáraskóli og skólalóð

- Huga þarf að bættu umferðaröryggi við Smáraskóla.
- Snúningshaus við Smáraskóla.

- Vantar gangbraut frá Smáraskóla að göngustíg yfir að Sporthúsi.
- Vantar bílastæði fyrir fatlaða við Smáraskóla.
- Mikið umferðarálag við Fífuna og Smáraskóla á álagstímum, skapast m.a. vegna umferðar frá Sporthúsinu.
- Klára þarf frágang á bílastæði á milli Smáraskóla og Sporthúsins.
- Bílar vega salt á steinum á bílastæði milli Smáraskóla og Sporthúsins.
- Vantar upphitaðan körfuboltavöll með gúmmímottum (sbr. Garðabær og Keflavík).
- Sparkvöllur, bætt lýsing. Net sem kemur í veg fyrir að bolti fari út á götu (sbr. Lindaskóli).
- Hjólastæði mættu líka vera sunnan megin við skólalóðina, þar leggja margir nemendur hjólum sínum.
- Fleiri og fjölbreyttari leiktæki fyrir yngri börnin (sbr. Lindaskóli).
- Nemendur telja umferðaröryggi vera almennt gott en benda þó á að það sé mikil umferð við skólann á morgnana, þá sérstaklega frá Sporthúsinu.
- Fá eftirlitsmyndavélar við Smáraskóla – mikið af rúðum brotnar í skólanum.

Samgöngur og umferðaröryggi í Smárahverfi

- Ekki vísa umferð inn í hverfið (Dalsmára) þegar kosningar, Síamát, sjávarútvegssýning eða aðrir viðburðir eru í Fífundi. Vísa umferðinni inn á Fífuhvammsveg.
- Mikill hraðakstur á Fífuhvammsvegi – þarf að hægja á umferð.
- Umferðarálag við Fífuna og Smáraskóla á álagstímum.
- Vinna að því að lækka umferðarhraða í Dalsmára og við Smáraskóla.
- Vantar biðskyldumerki við útkeyrslu frá Reyni bakara að Dalvegi 10.
- Mikill umferðarhraði í Grófarsmára.
- Umferðaljós við Smárahvammsveg eru ekki góð fyrir gangandi vegfarendur, sérstaklega eldri borgara. Tíminn til að komast yfir götuna er allt of stuttur.
- Bæta þarf umferðarmerkingar á hliðargötum Dalvegjar.
- Göngu- og hjólabrú yfir Fífuhvammsveg.
- Mikill hraði í íbúðargötum.
- Hringtorg á Smáratorgi, á móts við Arion banka er skrítið.
- Bæta þarf aðgengi gangandi yfir Smárahvammsveg frá Nónhæð (Arnarsmára) yfir að Smáralind.

Stígakerfi – göngu- og hjólastígar

- Aðgreina hjóla- og göngustíga..
- Hringtorg á hjóla- og göngustíg við Kópavogstún – þarf að mála línur. Mikill hraði á hjólafólki.
- Öruggari og fljótlegri göngustíga frá A-F Lindum yfir í Smárahverfi.
- Gera þarf stígakerfi frá Lindum yfir í Smára öruggara og betra – erfitt er að ferðast gangandi og hjólandi á milli hverfanna.
- Vespur á göngustígum skapa hættu.
- Mikil og hröð umferð hjólréiðafólks – skilja þarf stíga í sundur.
- Undirgöng við Smáraskóla – aðgengi fyrir hjól og barnavagna ekki gott. Þarf að fara langt til vesturs til að nota göngin.
- Gott væri að gera hjólabrú yfir Fífuhvammsveg.
- Stígur við strætisvagnabiðstöð norðanmegin við Dalveg allt í einu. Þarf að vísa hjólréiðafólki rétta leið.
- Göngustígatengingar í hliðargötum Dalvegjar eru slæmar.
- Bæta aðkomu gangandi og hjólandi úr undirgöngum við Smáralind (sýna mynd).
- Hjólafólk þarf að láta vita betur af sér á stígum.

- Merkja þarf hringtorg á hjólastíg við Kársnes (Kópavogstún), hvar á að fara inn og út úr hringtorginu.
 - Það skapast óöryggi þegar hjólaumferð er ekki aðskilin.
 - Vespur, hjól og gangandi eru ekki góð blanda á stígum.
 - Sjónsvið við undirgöng er ekki gott (Fífuhvammsvegur við Smáraskóla).
 - Vantar spegla til að sjá betur þegar hjólin koma á mikilli ferð úr undirgöngunum.
 - Göngustígur norðanmegin við malarstæðið endar allt í einu. Það þarf að klára tengingu við stíg hjá Sporthúsinu.
 - Hljóðmön á Dalvegi skerðir sjónlínu fyrir hjólandi.
 - Vantar hjólastæði.
- Umhverfi og útivist
- Gróðursetja tré meðfram Dalsmára.
 - Bæta umhverfi við Smáravöll.
 - Sparkvöllur og opið svæði á Nónhæð eru vel heppnuð og mikið notuð af íbúum.
 - Malarstæði á milli Sporthússins og leikskólans – hvað á að vera þar? Mikið ónæði af því, sandfok og bílar eru þar að spóla sem veldur íbúum óþarfa hávaða.
 - Opna svæðið efst á Nónhæðinni. Það er ósnyrtilegt, þar má gera meira aðlaðandi og spennandi svæði fyrir

íbúa, t.d. með bekkjum og gróðri.

- Vantar æfingatæki við hlaupaleiðir, t.d. á Kópavogstúni.
- Annað
- Vantar fleiri ruslatunnur í hverfið.
 - Svæðið sunnan við Smáralind er hættulegt og óaðlaðandi.
 - Fræða íbúa um flokkun, almennur fróðleikur og koma gagnlegum upplýsingum til íbúa.
 - Vantar hundaleikvöll.
 - Nemendur komast á milli hverfa og í önnur sveitarfélög með strætó og eru duglegir að nota vagnana.
 - Hverfaráð Smárans er of einangrað, engin tenging er við íbúana, ekki auðvelt að hafa samband við hverfaráðsfulltrúa.

Kópavogur

- Mikið af hraðahindrunum í Kópavogi.
- Vantar húsnæði fyrir Skólahljómsveit Kópavogs.
- Vantar miðbæjarsvæði.

Ábendingar frá Friðriki Baldurssyni, garðyrkjustjóra

- Svæðið suðvestan við Skotmóa, á milli Fífuhvammsvegjar og Hafnarfjarðarvegjar, er óklárað.

- Svæðið fyrir sunnan Fífuna og grasvellina er óklárað.
- Bílastæði við Sporthúsið er óklárað.
- Umhverfi Sporthússins og Tennishallarinnar – óklárað.
- Malarsvæði við Leikskólann Læk er ófrágengið.
- „17. júní-svæði“ ófrágengið svæði milli Lækjarsmára, Dalsmára, Tennishallar og Kópavogslækjar.
- Kópavogsdalur – endurgerð stíga og aukin trjárækt.
- Smáralindarsvæðið – Þróunarsvæði.
- Stígur meðfram Arnarnesvegi – er merktur bæði í Hjólreiðaáætlun Kópavogs og Aðalskipulagi Kópavogs.
- Nónhæð – hvað verður gert þar?
- Götugróður við Arnarsmára, Dalsmára og Fífuhvammsveg. Hvað á að taka, hvað á að vera, hvaða trjátegundir er best að nota?
- Sjónlínur og áhrif götugróðurs, huga að rýmum fyrir gróður, bæði vegna umferðar og rótarkerfis.
- Sorpa – staðsetning.
- Frisbígolfvöllur í Kópavogsdal, við Sorpu.
- Hreystigarðar, sbr. hreystigarða í Reykjanesbæ.
- Brettavöllur er mikið notaður, sá eini í bænum.
- Dalvegur, umferðarskipulag.

Fundir með nemendum og foreldrum í Smáraskóla tókust vel og góðar og gagnlegar upplýsingar komu fram á þeim fundi varðandi skólalóðina og umferðaröryggi við skólann.

Á heimasíðu bæjarins gátu íbúar sent inn ábendingar og athugasemdir, ekki komu margar ábendingar þar í gegn og skoða þarf nánar hvernig má ná betur til íbúa í gegnum þann miðil.

- Við endann á Grundarsmára er stórt malbikað plan sem er lítið notað, því þar er ekkert. Þarna væri tilvalið að setja upp eina körfuboltakörfu og jafnvel líka þrautir eða hjólabretta „rail“ fyrir yngri krakka til að æfa sig.
- Mikill hraði er í Arnarsmára og hraði eykst auðveldlega í brattri brekku eins og þessari. Óskað er eftir annarri hraðhindrun ofar í brekkunni til að hægja á bílum.
- Umferðarmál á Dalvegi, 16a, 16c og 18. Þar er meðal annars komið inn á gönguleiðir, yfirborðsmerkingar, tenging á baklóðum út á Skógarlind.
- Merkja stíga.
- „Óskastígur“ á milli Lækjarsmára og Kópavogsdals og frá malarbílastæði við Smárahvammsvöll að Sporthúsinu.
- Setja stíg neðan við Sorpu, tengja Digranesveg við Lækjasmára/Dalveg hringtorg.

- Efst í Arnarsmára við verslunarhúsnæðið að Arnarsmára 32 (sem hefur aldrei verið notað sem verslunarhúsnæði) er ágætis torg þar sem hefur kvarnast úr stöplum sem þar eru, bekkur í lamasessi. Þetta svæði mætti lífga upp á.
- Hringtorgið á mótum Digranesvegjar og Dalvegjar er mjög umferðarpungt og nýkomin gangbraut oft frekar torfær. Rétt eins og undirgöng sem liggja undir Dalveg þarf að fá undirgöng undir Digranesveginn til að auðvelda vegfarendum, bæði akandi og öðrum, vegferð sína.
- Vantar strætisvagnaskýli við biðstöðvar við Smárahvammsveg.
- Boltavöllur er skilgreindur við Grundarsmára. Þar eru engar línur málaðar sem hjálpa börnum til að iðka boltaiþróttir.
- Bæta lýsingu í undirgöngum við Smáraskóla niður rampinn sunnanmegin við Fífuhvammsveg og hafa handrið báðu megin við rampinn. Auk þess væri æskilegt að koma fyrir spegli á kröppu horninu.
- Aðkoma barna að Smáraskóla er hættuleg vegna mikillar bílaumferðar. Loka þyrfti fyrir aðkomu viðskiptavina Sporthússins við Smáraskóla. Ekki er gangbraut yfir Dalsmárann á milli skólans og bílastæðaflæmisins. Skoða þarf það hvort að hringtorg við Dalsmára og Lindasmára væri heppileg

lausn við umferðarpunga á svæðinu.

- Undirgöng undir Arnarnesveg. Þau sem fyrir eru eru ekki nægjanlega vel tengd við annað stígakerfi. Betra hefði verið að hafa þau við Smárahvammsveg eða bæta tenginguna yfir Smárahvammsveg svo þau sem eru nú nýtist betur.
- Skortur er á fláum (niðurtektum) fyrir gangandi- og hjólandi umferð af gangstéttum og göngustígum.
- Hringtorg á milli Bónus Smáratorgi og Arionbanka er rugl, flestir beygja yfir hringtorgið.
- Arnarsmári - mikill hraðakstur í brekkunni. Lagt er til að hraðahindrunum/gangbraut í götunni verði fjölgað ofar í götunni.

Opinn samráðsfundur við íbúa var í Smárahverfi 13.11.2014

Á samráðsfundinn mættu rúmlega 50 íbúar sem skiptu sér á fimm borð og fóru yfir spurningar og þeirra hugleiðingar um hverfið með borðstjórum. Spurningunum sem voru lagðar fyrir íbúa var skipt í þrjú þemu; samfélag, náttúra, umhverfi og útivist; samgöngur og umferðaröryggi. Eftirfarandi eru áhersluatriði íbúa á hverju borði við hverju þema og áhersluatriði hvers borðs sem voru tekin saman í lok fundarins.

SAMFÉLAG

Borð 1- Niðurstaða

- 1) Þétting byggðar af hinu góða. Allir sammála.
- 2) Þörf fyrir styrkingu atvinnulífs bæði í Smáranum og Dalvegi.
- 3) Dalurinn. Halda Dalnum (Kópavogsdal) utan við þéttingu byggðar.
- 4) Styrkja tengingu milli hverfa og sveitarfélaga fyrir gangandi og hjólandi.

Borð 2 - Niðurstaða

- 1) Umferð sé vel útfærð að og frá fyrir bíla, hjólandi og gangandi.
- 2) Vel frágengið svæði, áhersla á útisvæði.
- 3) Fjölbreytt fjölskylduform, afþreying og góð þjónusta.

Borð 3 - Niðurstaða

- 1) Hreyfanleiki í búsetuformi.
- 2) Almenningsamgöngur.
- 3) Leiksvæði - aðgengi að þeim

Borð 4 - Niðurstaða

- 1) Kynning á nýju skipulagi fær jákvæðar undirtektir.
- 2) Ekki háhýsi/turna.
- 3) Leiðarkerfi.
- 4) Kópavogsdalurinn - tengingar.
- 5) Útivist.

Borð 5 - Niðurstaða

- 1) Tenging á milli hverfa.
- 2) Lágreist byggð.
- 3) Vindstrumur.
- 4) Alvöru miðbæ.
- 5) Byggð of nálægt Smáralind.

NÁTTÚRA, UMHVERFI OG ÚTIVIST

Borð 1 - Niðurstaða

- 1) Kópavogsdalur. Bæta lýsingu og aðskilja hjólandi og gangandi umferð.
- 2) Sorp. Endingarbetri sorpílát í dalinn (Kópavogsdal) og götur bæjarins. Auka flokkun sorps heima við.
- 3) Vernda dalinn (Kópavogsdal). Ekki leyfa aukna byggð en fjölga tækifærum íbúa til spennandi nýtingar.

Borð 2 - Niðurstaða

- 1) Huga að hjóðmengun frá stofnbrautum.
- 2) Engan iðnað.
- 3) Áhersla á Kópavogsdalinn til útivistar og afþreyingar.
- 4) Frekari flokkun sorps heima.
- 5) Breikkun stíga og aðgreining umferðar á göngu- og hjólastígum.
- 6) Betri frágangur og umhirða opinna svæða, meiri gróður og skjól.

Borð 3 - Niðurstaða

- 1) Lýsingu er ábótavant við gönguleiðir, gangbrautir og undirgöng.
- 2) Frekari flokkun sorps og aukin tíðni heimavið.
- 3) Uppbygging Kópavogsdals. Skipulögð leiksvæði fyrir alla, æfingatæki.

Borð 4 - Niðurstaða

- 1) Kópavogsdalur, mikil ánægja.
- 2) Fjölga bekkjum og bæta lýsingu.
- 3) Auka flokkun á rusli - almennt mikill áhugi.
- 4) Garðlönd þarf að kynna betur.
- 5) Aukin uppbygging fyrir fólk í Kópavogsdalnum (afþreying).

Borð 5 - Niðurstaða

- 1) Óskertur Dalur.
- 2) Betrumbætur á Dalnum (Kópavogsdal). Leiksvæði fyrir eldri borgara, rusl, lýsing, grill, vatnsbrunnur, aðgengi við önnur svæði, hundagerði.
- 3) Lágrest byggð í Nónhæð.

SAMGÖNGUR OG UMFERÐARÖRYGGI

Borð 1 - Niðurstaða

- 1) Áhyggjur íbúa um að hverfið vaxi of hratt og umferð verði of mikil. Mikilvægt er að Vegagerðin fylgi eftir með t.d. Arnarnesvegi.
- 2) Ofurhraði á hjólum á göngustígum.
- 3) Má ekki byggja yfir Reykjanesbraut eins og gert var við Kópavogsháls (Hafnarfjarðarvegur)?
- 4) Leysa umferðarmál við Dalveg.
- 5) Minnka umferð akandi um íbúðarsvæði.

Borð 2 - Niðurstaða

- 1) Auka umferðaröryggi í Smárahverfi og á Dalvegi
- 2) Lýsing í hverfinu, Dalsmára og á göngustígum.
- 3) Göngubrú yfir Fífuhvamsveg í miðju hverfisins
- 4) Hraðamælingartæki í skólahverfi.

Borð 3 - Niðurstaða

- 1) Umferðaröryggi við skólasvæði.
- 2) Merkingar og lýsing.
- 3) Stígakerfistengingar. Ábótavant við Garðabæ og Smáralind. Göngu- og hjólaleiðir.

Borð 4 - Niðurstaða

- 1) Bæta tengingu við önnur sveitarfélög.
- 2) Bæta merkingar á stígum.
- 3) Bæta umferðaröryggi við Smáralind.
- 4) Bæta aðstæður fyrir hjólandi við verslanir.

- 5) Bæta tengingu yfir í Fífuhvamm.

Borð 5 - Niðurstaða

- 1) Dalsmári.
- 2) Umferðarþungi /-hraði.
- 3) Arnarnesvegur.
- 4) Greiða fyrir gangbrautarvörslu.

Borð 1 - Niðurstaða

- 1) Þetta byggð.
- 2) Kópavogsdalurinn. Verndun og viðhald. Uppbygging miðuð við útivist.
- 3) Umferðaröryggi og bætt flæði. Beina ekki umferð í gegnum íbúðarsvæði. Vegagerð standi við Arnarnesveg. Skoða beina tengingu milli Smárans og Glæðheima.
- 4) Atvinnuuppbygging á Dalvegi jákvæð. Haldi áfram í tengslum við vegauppgbyggingu og umferðarlausnir.
- 5) Aðskilja betur hjólandi og gangandi umferð.

Borð 2 - Niðurstaða

- 1) Umferðaröryggi. Gangandi, hjólandi og akandi.
- 2) Kópavogsdalur. Útivist og afþreying.
- 3) Fjölbreytt fjölskylduform. Afþreying og góð þjónusta.
- 4) Breikkun stíga og aðgreining umferðar á göngu- og hjólastígum.
- 5) Betri frágangur og umhirða opinna svæða, meiri gróður og skjól.

Borð 3 - Niðurstaða

- 1) Umferðaröryggi við skólasvæði.
- 2) Hreyfanleiki í búsetuformi.
- 3) Kópavogsdalur. Uppbygging. Skipulögð leiksvæði fyrir alla. Æfingartæki. Umhirða og nýting.
- 4) Lýsingu er ábótavant.
- 5) Almenningsamgöngur og stígakerfistengingar.

Borð 4 Niðurstaða

- 1) Umferðaröryggi fyrir gangandi og hjólandi.
- 2) Tengingar á göngu- og hjólastígum yfir í önnur sveitarfélög og á milli hverfa.
- 3) Vernda Kópavogsdalinn en bæta uppbyggingu fyrir fólk. Bekkir, leiktæki, æfingataeki o.fl. Þjónusta dalinn og bæta lýsingu.
- 4) Almenn ánægja með nýtt skipulag á suðursvæði Smáralindar.
- 5) Flokkun (endurvinnsla).

Borð 5 - Niðurstaða

- 1) Dalsmárinn.
- 2) Kópavogsdalur.
- 3) Lágrest byggð (3-4 hæðir).
- 4) Tjaldsvæði.
- 5) Tengingar fyrir gangandi á milli hverfa.

Samantekt af svörum íbúa við spurningum sem voru lagðar fram á íbúafundinum í Smáraskóla 13.11.2014. Spurningunum var skipt í þrjú þemu.

Samfélag (samantekt niðurstaða)

1. Hvað finnst þér um þær hugmyndir sem kynntar hafa verið hér í dag um blandaða byggð á suðursvæði Smáralindar?
 - Almennt eru viðbrögðin jákvæð en helst var nefnt að huga þarf vel að bílaumferð og flæði, fjölbreytileika í íbúðarstærðum og hafa áherslu á lágreista byggð.
2. Hvað finnst þér um aukna byggð annars staðar í hverfinu?
 - Tekið er almennt jákvætt í aukna byggð annars staðar í hverfinu en nefnt er að vernda þurfi útivistarsvæðin og Nónhæð.
3. Hvað finnst þér um aukin umsvif á atvinnusvæðum, t.d. á Dalvegi?
 - Bent er á að umferð á Dalvegi er mikil í dag og ef aukin uppbygging verður á svæðinu þarf umferðarskipulag svæðisins að vera vel útfært. Auk þess er bent á að bæta þarf aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda á Dalvegi og ekki má ganga á útivistarsvæði í Kópavogsdal með aukinni uppbyggingu.
4. Er þörf á stórum lóðum við fjölbýlishús?
 - Almennt telja íbúar ekki þörf á stórum lóðum við fjölbýlishús og benda á að mikilvægara er að hafa góð opin svæði en þó er nefnt að opnu svæðin þurfi að vera í þægilegri fjarlægð frá heimili og að ekki megi þetta byggð of mikið þannig að fjölbýli verði of nálægt hvort öðru.
5. Hver finnst þér vera helstu einkenni hverfisins?
 - Sjá svör í orðaskýi sem fylgir með.
6. Hvernig lýsir þú hverfinu þínu?
 - Sjá svör í orðaskýi sem fylgir með.
7. Ertu sammála því að í Smáranum verði iðandi mannlíf?
 - Flest allir eru sammála því að í Smáranum verði iðandi mannlíf en benda þó á aukið umferðarálag.

8. Ertu sátt/ur við staðsetningu ... í hverfinu? (skóla, íþróttamannvirkja, opinna svæða, leiksvæða barna)
 - Nánast allir segja já við liðunum fjórum en nefnd er aðkoma við Smáraskóla, að bæta þurfi aðstöðu úti við fyrir unglinga og bæta viðhald á leiksvæðum.
9. Er einhver verslun eða þjónusta sem þér finnst vanta í hverfið?
 - Ekki var margt tilgreint en helst kom fram eftirfarandi: veitinga- og kaffihús, bæjarskrifstofur, hundagerði, tónlistarskóli og sundlaug.
10. Leiðarkerfi Strætó. Hvað finnst þér um tíðni ferða?
 - Fáir svöruðu spurningunni eða höfðu skoðun á henni þar sem þeir nota ekki almenningsvagna. Nefnt var að fjölga þurfi ferðum, einkum á kvöldin fyrir unglinga.
11. Leiðarkerfi Strætó. Hvað finnst þér um áfangastaði Strætó? Kemstu allra leiða þinna sem þú óskar þér?
 - Fáir svöruðu spurningunni eða höfðu ekki skoðun á henni þar sem þeir nota ekki almenningsvagna. Eftirfarandi var nefnt: betri samgöngur til Reykjavíkur, vantar biðskýli og lýsingu við biðstöðvar í Dalsmára, hraðferðir vantar, bæta þarf tengingu á milli Smárans og Hamraborgar.

Náttúra, umhverfi og útivist (samantekt niðurstaða)

1. Hvaða svæði notar þú til útivistar?
 - Flest allir nefna Kópavogsdalinn en einnig eru nefnd m.a. Heiðmörk, Elliðaárdalur, Fossvogsdalur, Kársnesið, Nónhæð
2. Hvað finnst þér að megi bæta á opnum svæðum í hverfinu?
 - Leiksvæði fyrir börn, auka gróður, bæta merkingar, fjölga bekkjum, æfingatæki, fleiri áningarstaðir, bæta lýsingu, snjómokstur og þrif að vori. Lagfæra svæðið á milli Sporthússins og leikskólans Lækjar. Fjölga upplýsingaskiltum, bæta umhirðu í kringum lækinn, fjölga ruslatunnum, breikka stíga.
3. Hvernig nýtir þú Kópavogsdalinn?
 - Allir nefna að Kópavogsdalurinn sé nýttur til útivistar – hlaupa, ganga, hjóla. Viðra hunda og til kennslu í skólanum. Kópavogsdalurinn nýttur sem samgöngumáti til og frá vinnu. Spila tennis og fótbolta, renna á sleða í sleðabrekku við Digraneskirkju og gefa fuglunum brauð.

4. Ertu ánægð/ur með Kópavogsdalinn? Nefndu dæmi.

- Almennt er fólk ánægt með Kópavogsdalinn og talað um að svæði sé grænt, skjólgott og tjörnir og lækurinn eru einnig nefnd sem kostir. Gönguleiðirnar eru einnig nefndar sem kostur. Það sem er nefnt sem gallar eru viðhald og hirðing á svæðinu, bæta þarf lýsingu.

5. Finnst þér eitthvað vanta í Kópavogsdalinn?

- Umhirða, bekkir, hjólastígar, ruslatunnur, merkingar á stígum og vegalengdum, kaffihús, vatnshani, bæta tennisaðstöðu og fleiri leiksvæði fyrir börn og fulloröna.

6. Hvað finnst þér um að færa 17. júní svæði bæjarins í Kópavogsdalinn?

- Mörgum lýst vel á að flytja 17. júní svæðið yfir í Smáránn en hafa þó áhyggjur af umferðinni sem fylgir. Aðrir eru á móti því og nefna íhaldssemi eða telja það ekki tímabært strax.

7. Hvernig vilt þú mæta auknum kröfum um flokkun heimilissorps? Viltu flokka heimilissorp í heimahúsi eða á grenndargámastöðvum?

- Almennt kemur fram að flestir vilja flokka sorp í heimahúsi en telja kost að hafa grenndargám í nálægð við heimili. Einhverjir nefna aukna flokkun á meðan aðrir telja það ekki fýsilegan kost, þá sérstaklega í fjölbýlishúsum.

8. Hefur þú áhuga á að rækta eigið grænmeti í garðlöndum Kópavogs?

- Einhverjir hafa áhuga og aðrir nefna að þeir hafi ekki vitað af þessu.

9. Ef já, er eitthvað sem kemur í veg fyrir að þú leigir garðlönd yfir sumartímann? Vantar aukna fræðslu eða kynningu?

- Margir svörðu ekki spurningunni en aðrir nefna að þeir hafi ekki vitað af þessum möguleika og nefna að auka þurfi kynninguna og frumkvæði hjá bænum. Fram kemur að gott væri að geta haft fjölærar jurtir, að vatn vanti til vökvunar og bæta megi samstarf milli garðleigjenda. Gaman væri að sjá grenndargarða og samfélagsgarða.

Samgöngur og umferðaröryggi (samantekt niðurstaða)

1. Hvað finnst þér um umferðaröryggi í Smárahverfi? (Bílar, hjól, gangandi og almenningsvagnar)

- Mikið minnst á umferðarhraða, umferðarálag við Smáráskóla og Dalsmára og að gera þurfi sér hjólastíga. Bæta þarf tengingu á milli Smára og Lindahverfis.

2. Hvað finnst þér um lýsingu á göngu- og hjólastígum? Er hún ásættanleg? Nefndu dæmi.

- Fram kemur að of langt sé á milli ljósastaura og að bæta þurfi lýsingu, m.a. við gangbrautir og í Kópavogsdalnum.

3. Hvernig gengur umferðin á álagstímum, morgunumferð og seinnipartsumferð? Nefndu dæmi.

- Dalvegurinn er nefndur sem dæmi um álag og að umferð úr efri byggðum Kópavogs hafi áhrif á Smárahverfið. Álag við Smáratorg á föstudögum og laugardögum og Hafnarfjarðarvegurinn einnig nefndur.

4. Hjólar þú í vinnu?

- Flest allir segja nei við spurningunni en einhverjir hjóla yfir sumartímann.

5. Hjólar þú í frístundum?

- Meirihlutinn svarar játandi.

6. Finnst þér þörf á sérstökum hjólastígum? Ef já, hvar þá helst?

- Margir segja já og nefna þá helst Kópavogsdalinn, Arnarnesveg, Fífuhvammsveg og tengingu við önnur hverfi.

7. Finnst þér vera vöntun á hjólastæðum við stofnanir eða á öðrum stöðum? Ef já, hvar þá helst?

- Þeir sem svara spurningunni nefna Smáralind, Smáratorg og strætóstoppistöðvar og hjólaskýli en ekki gjarðarbana.

8. Hvernig finnst þér tengingar á milli hverfa fyrir gangandi og hjólandi umferð?

- Yfir í Kópavogsdalinn: almennt góð að mestu leyti.

- Í Garðabæ: þarf að bæta.

- Í Lindir: ekki góð.

9. Hvernig finnst þér aðkoma að Smáralind og Smáratorgi? Fyrir gangandi, hjólandi og bíla.

- Þeir sem svara segja annars vegar fín og hins vegar slæm. Nefnd eru dæmi um að bæta megi aðkomu fyrir gangandi og hjólandi við bæði Smáratorg og Smáralind og að bæta þurfi aðkomu yfir Smárahvammsveg frá Nónhæð.

VIÐAUKI II - innsendar athugasemdir og ábendingar á kynningartíma

10. Sérð þú fyrir þér að nota umhverfissvænni samgöngumáta, t.d. almenningsvagna, hjól eða rafmagnsbíl í framtíðinni?

- Margir nefna rafmagnsbíla og hjól.

Ítarlegri gögn frá fundinum má finna á heimasíðu verkefnisins, www.kopavogur.is/hverfisskipulag/samrad

Innsendar athugasemdir og ábendingar vegna Hverfisáætlunar Smárans. Auglýsingatími var í maí 2015.

Gunnhildur S. Jónsdóttir og Gunnar M. Hansson, Lautasmára 5. Dags. 28. maí 2015.

Við fluttum hingað að Lautasmára 5 fyrri hluta 2006. Þá (að okkur vitandi) voru hvorki 20 hæða turninn né 14 hæða turninn (við Smáralindina) á skipulagi.

Okkur sýnist að búið sé að setja inn enn einn turninn norðan megin við Smáralindina. Ef það er rétt þá mótmælum við þeirri hugmynd og förum fram á að turnvæðing á þessu svæði verði fjarlægð úr væntanlegu skipulagi.

Við fögnum aftur á móti fyrirhugaðri byggð sunnan megin við Smáralindina sem virðist eiga að vera 4 - 5 hæðir (einhver 7 hæðir). Væntanlega skemmtilegur „miðbær“ fyrir Kópavog og löngu tímabær.

Með vinsemd og virðingu

Gunnhildur S. Jónsdóttir

Gunnar M. Hansson

Lautasmára 5

Guðrún Benediktsdóttir og Ásmundur Hilmarsson fyrir hönd Íbúasamtakanna Betri Nónhæð. Dags. 20.06.2015

Góðan dag.

Við höfum skoðað gögn með tillögu að Hverfisáætlun Smárans; Greinargerð, Greiningar og Gátlista.

Almennt

Við teljum að efni, skipulag þess og útlit sé til fyrirmyndar. Við teljum ótvírætt notagildi efnisins fyrir íbúa, hverfisfélög, kjörna fulltrúa og starfsmenn skipulags bæjarins auk íbúðakaupenda/-seljenda og fjárfesta framtíðarinnar. Tölfræði um íbúa, samfélag þeirra, mannvirki, náttúru, umferð og efnahag eru tilefni samanburðar og lýsinga á þróun hverfisins og einstakra þátta samfélagsins í hverfinu.

Við teljum að Greinargerð, Greiningar og Gátlisti geti bætt skipulagsvinnu íbúa og fulltrúa sveitarfélagsins. Við spáum því að gögnin hjálpi til að aga samvinnu þeirra sem þekkja lítið til og þeirra sem þekkja vel til skipulags þéttbýlis.

Til athugunar

Er lengd lóðaleigusamninga ekki skipulagsforsenda, sem vert er að gera grein fyrir?

Mundi álagt útsvar geta verið vísbending um „hverfistekjur“ til samanburðar milli ára og hverfa?

Með kveðjum

Guðrún Benediktsdóttir

Ásmundur Hilmarsson

Kópavogsbær,
Fannborg 2,
200 Kópavogur.

Reykjavík, 29. maí 2015.

Efni: Athugasemdir við hverfisáætlun Smárahverfis.

Nýr Norðurturm hf., (NNT) Borgartúni 26, Reykjavík, eigandi fasteignarinnar Hagasmára 3 gerir hér með athugasemdir við auglýsta hverfisáætlun Smárahverfis í Kópavogi.

Samkvæmt hverfisáætluninni er ráðgert að breyta skipulagi Smárahverfis, þetta byggðina, fjarlægja sumar núverandi bygginga og reisa íbúðar- og skrifstofubyggingar. Skipulagstillagan breytir mjög því skipulagi sem gildi þegar hafist var handa um byggingu á lóðinni Hagasmára 3.

Kópavogsbær kynnti skipulagslýsingu á íbúafundi í Smáaskóla 13. nóvember 2014 og með bréfi dagsettu 14. nóvember sendi Kópavogsbær skipulagslýsinguna á hagsmunaðila. NNT gerði þann 16. desember bréflugar athugasemdir við hina kynntu tillögu, form hennar, kynningu og efni. Bréfi þessu hefur ekki verið svarað.

Lóðarleigusamningur um lóðina Hagasmára 3, dags. 18. apríl 2008, skjal með þinglýsingarnúmer A-1935/08, er undirritaður af Kópavogsbæ og lóðarhöfum Hagasmára 1 og Hagasmára 3. Efni hans er því bindandi fyrir eigendur beggja lóðanna og Kópavogsbæ. Samkvæmt 1. gr. lóðarleigusamningsins eru kvaðir á lóðinni samkvæmt viðfestum uppdætti. Á uppdættinum eru síðan eftirgreindar áritanir: „Kvðð um samnýtingu bílastæða á lóðum nr. 1 og 3. Kvðð um gagnkvæman umferðarrétt. Þessi gagnkvæma kvðð sem undirrituð er af öllum samningsaðilum er mjög mikilvæg fyrir NNT sem og aðgengi að lóðinni og umferðarskipulag lóðanna nr. 1 og 3 og næsta nágrennis. Kvððin felur í sér tiltekin eignarréttindi NNT á lóðinni Hagasmára 1.

Af hverfisáætluninni verður ráðið að mögulega standi til að fjarlægja heilsugæslustöð og bensínafgreiðslustöð við Reykjanesbraut. Hvergi kemur fram í gögnum málsins að haft hafi verið samráð við eigendur þessara fasteigna eða að fyrir liggja samþykki þeirra.


NNT á tiltekin eignarréttindi á lóðinni Hagasmára 1. Sú lóð verður ekki deiliskipulögð án samráðs við NNT. Á lóðinni Hagasmára 1 verða ekki reistar frekari byggingar nema fyrir liggja samþykki NNT. Áður en NNT tekur afstöðu til deiliskipulagstillagna verður að sýna fram á að þær byggingar sem nú eru á lóðunum Hagasmára 1 og 3 haldi þeim fjölda bílastæða sem nú eru fyrirliggjandi á lóðunum. Þá verður að sýna fram að bílastæði vegna hugsanlegs viðbótarbyggingarmagns samkvæmt hverfisáætluninni verði í samræmi við bílastæðakröfur skipulags- og byggingarreglna án þess að gengið verði á fjölda þeirra bílastæða sem þegar eru fyrir hendi og kvðð er á m.a. til hagræðis fyrir Hagasmára 3.

NNT sem á lögvarða hagsmuni á því svæði sem hverfisáætlunin tekur til krefst þess að Kópavogsbær gæti hagsmuna NNT í hvívetna og að engar skipulagsákvæðanir verði teknar án samráðs við NNT.

NNT áskilur sér allan rétt til frekari athugasemda á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt,

Fh Nýja Norðurturmsins hf



Hjörleifur B. Kvaran hrl

